

SJÁLFBÆRNISKÝRSLA

2024




Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Almenn upplýsingaskýlda.....	5
• ESRS 2 Almenn upplýsingaskýlda	6
◦ BP-1 Almennar upplýsingarkröfur.....	6
◦ BP-2 Tvöföld mikilvægisgreining.....	6
◦ GOV-1 Hlutverk stjórnenda og eftirlit.....	7
◦ GOV-2 Sjálfbærniupplýsingar.....	7
◦ GOV-4 Umgjörð.....	8
◦ GOV-5 Eftirlitskerfi.....	8
◦ SBM-1 Stefna LSR.....	9
◦ SBM-2 Hagaðilar.....	10
◦ SBM-3 Áhrif, áhætta og tækifæri.....	12
◦ MDR-P Samþykktar stefnur sem eiga við sjálfbærniþætti.....	15
◦ IRO-1 Greining og mat á mikilvægum áhrifum, áhættu og tækifærum.....	16
Umhverfislegir þættir.....	18
• E1 Loftslagsbreytingar	19
◦ SBM-3 áhrif áhætta og tækifæri.....	19
◦ IRO-1 Greining og mat á áhrifum, áhættu og tækifærum.....	19
◦ E1-2 Stefnur.....	20
◦ E1-1 Umbreytingaráætlun.....	21
◦ E1-2 & E1-3 Mildun og aðlögun loftslagsbreytinga.....	22
◦ E1-4 Markmið við mildun og aðlögun.....	24
◦ E1-6 Losun gróðurhúsalofttegunda.....	24
◦ E1-9 Raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta.....	25
Félagslegir þættir.....	26
• S1 Mannauður	27
◦ SMB-3 Áhrif, áhætta og tækifæri.....	27
◦ S1-1 Stefnur.....	28
◦ S1-2 Samskipti.....	29
◦ S1-3 Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum.....	29
◦ S1-4 Starfsánægja.....	29
◦ S1-5 Stýring áhrifa.....	29
◦ S1-6, S1-8 & S1-9 Kynjahlutfall og jafnræði.....	30
◦ S1-10 Jafnlaunastefna.....	31
◦ S1-11 Réttur starfsfólks	31

Efnisyfirlit

◦ S1-13 Fræðsla og þróun	31
◦ S1-14 Heilsa og öryggi	32
◦ S1-15 Jafnvægi vinnu og einkalífs	32
◦ S1-16 Launamælikvarðar	32
◦ S1-17 Atvik og kvartanir.....	33
• S3 Samfélag	33
◦ SBM-3 Áhrif áhætta og tækifæri.....	34
◦ S3-1 Stefnur.	34
◦ S3-2 Samskipti.....	34
◦ S3-3 Boðleiðir.....	35
◦ S3-4 Stýring áhrifa.....	36
◦ S3-5 Aðgerðir vegna áhrifa.....	36
◦ S3-6 Nálgun til að draga úr áhættu.....	37
• S4 Neytendur og endanotendur.....	37
◦ SBM-3 Áhrif, áhætta og tækifæri.....	38
◦ S4-1 Stefnur	39
◦ S4-2 Samskipti.....	39
◦ S4-3 Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum.....	39
◦ S4-4 Aðgerðir vegna áhrifa.....	39
◦ S4-5 Stýring áhrifa.....	39
Stjórnarhættir.....	40
• G1 Viðskiptasiðferði.....	41
◦ SMB-3 Áhrif, áhætta og tækifæri.....	41
◦ GOV-1 Hlutverk stjórnenda og eftirlit.....	41
◦ G1-1 Stefnur	42
◦ G1-2 Birgjar og þjónustuaðilar.....	43
◦ G1-3 Ráðstafanir og eftirlit	43
◦ G1-4 Spilling og mútur	43
Viðauki.....	44
• Skýringarkröfur - Almenn upplýsingaskýlda.....	44
◦ Skýringarkröfur - E1.....	45
◦ Skýringarkröfur - S1.....	47
◦ Skýringarkröfur - S3 & S4	52
◦ Skýringarkröfur - G1.....	53
◦ Tilvísunartafla.....	55
◦ Lykilhugtök	56



Formáli



Það er hlutverk LSR að greiða sjóðfélögum lífeyri og að tryggja þá, maka þeirra og börn, fyrir örorku á lífsleiðinni. Þetta hlutverk rækir sjóðurinn með móttöku iðgjalda sem ber að ávaxta með sem bestum hætti samkvæmt fjárfestingarstefnu að teknu tilliti til áhættu. Þetta verkefni krefst þess að tekið sé tillit til fjölmargra ólíkra þátta og sjónarmiða. Áhrif sjálfbærni á fjárhagslega afkomu og áhættu hafa farið vaxandi og er LSR meðvitað um hvernig afleiðingar loftslagsbreytinga og félagslegs ójafnaðar geta haft áhrif á verðmæti eigna sjóðsins.

LSR skilgreinir ávöxtunarmarkmið í öllum fjárfestingum sínum. Sjóðurinn gerir jafnframt kröfu til þess að félög sem hann fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart félagslegum þáttum, umhverfislegum þáttum og að starfað sé í samræmi við góða stjórnarhætti. Með því að samþætta UFS-þætti í fjárfestingarákvarðanir eykst ekki aðeins innsýn í langtímaáhættu sjóðsins heldur skapast tækifæri til að styðja við sjálfbæra þróun og auka verðmætasköpun. LSR leggur ríka áherslu á reglubundið eftirlit með áhættuþáttum og ítarlegar greiningar til að meta áhrif þeirra á eignasafnið. Með þessu móti leitast sjóðurinn við að vernda hagsmuni sjóðfélaga, styðja við stöðugleika á fjármálamörkuðum og stuðla að ábyrgri fjárfestingu sem skilar ávöxtun til lengri tíma lítið og tryggir um leið að grundvallarhlutverki sjóðsins sé sinnt.

Með aukinni kröfu um ábyrgar upplýsingar og gagnsæi hefur LSR einnig lagt áherslu á að upplýsingagjöf sjóðsins sé skýr, aðgengileg og í samræmi við alþjóðleg viðmið í upplýsingagjöf. Markmið sjóðsins með gagnsæi í upplýsingagjöf er að veita sjóðfélögum, eftirlitsaðilum og öðrum hagaðilum heildstæða mynd af áhættustýringu, fjárfestingarstefnu og frammistöðu sjóðsins í sjálfbærnimálum og um leið tryggja að þær upplýsingar endurspegli stöðu sjóðsins og stuðli að upplýstri ákvarðanatöku til að uppfylla langtíamarkmið sjóðsins um ávöxtun og öruggan lífeyri.

Almenn upplýsinga- skylda



ESRS 2 – Almenn upplýsingaskylda

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) birtir fyrir árið 2024 sína fyrstu sjálfbærniskýrslu þar sem farið er yfir starfsemi sjóðsins á sviði sjálfbærni, bæði eignasafn hans og innri rekstur. Skýrslan er sjálfbærniuppgjör sjóðsins og fer eftir uppbyggingu ESRS¹ staðlanna sem vísað er til innan CSRD²-regluverksins. Markmið staðlanna er að veita sambærilegar og yfirgripsmiklar upplýsingar er varða sjálfbærni fyrirtækja. ESRS-staðlarnir felast annars vegar í almennum skilyrðum og upplýsingum, þar sem tekin eru fram helstu viðmið, stjórnarhættir, stefna, áhrif, áhætta og tækifæri og hins vegar í viðfangsefnum, þar sem fjallað er um ákveðna þætti innan umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar. Helsta skilyrði ESRS er framkvæmd á tvöfaldri mikilvægisgreiningu, sem felur í sér að fyrirtæki þurfa að meta og greina sjálfbærnimálefni út frá tveimur sjónarhornum; annars vegar hvernig þessi málefni hafa áhrif á fyrirtækið sjálft (fjárhagslegt mikilvægi) og hins vegar hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á samfélag og umhverfi (áhrifamikilvægi). Er slík greining framkvæmd með það að leiðarljósi að tryggja heildstæða og gagnsæja framsetningu á sjálfbærniupplýsingum. Á árinu var lögð áhersla á greiningu eignasafns út frá sjálfbærnisjónarmiðum til samræmis við sjálfbærnistefnu sjóðsins þar sem langtímaþróun, fjárhagslegur stöðugleiki og ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar eru hafðar að leiðarljósi.

BP-1 Almennar upplýsingakröfur

Þetta sjálfbærniuppgjör er fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2024 og nær yfir alla skilgreinda starfsemi sjóðsins, bæði fjárfestingar og rekstur. Uppgjörinu er ætlað að veita innsýn í starf sjóðsins á sviði sjálfbærni en útgangspunktur uppgjörins eru niðurstöður tvöfaldrar mikilvægisgreiningar sem framkvæmd var á árinu 2024 þar sem unnið var út frá tvöföldu efnisviðmiðunum sem skilgreind eru í ESRS 1 og leiðbeiningum EFRAC³. Metin voru áhrif á umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti og um leið hugað að því hvernig slíkir UFS-þættir hafa áhrif á áhættu og tækifæri sjóðsins. Niðurstöður tvöfaldrar mikilvægisgreiningar sýndu hvaða sjálfbærniþættir leggja grunninn að sjálfbærnitengdri upplýsingagjöf sjóðsins og hvaða þátta innan áhrifa, áhættu og tækifæra ber að taka tillit til. Niðurstaða greiningarinnar er að sjálfbærniþættir LSR eru **E1 loftslagsbreytingar, S1 mannauður, S3 samfélag, S4 neytendur og endanotendur og G1 viðskiptasiðferði**. Þessir efnisþættir munu því vera í forgrunni í sjálfbærniskýrslu sjóðsins.

BP-2 Tvöföld mikilvægisgreining

Út frá tvöföldu mikilvægisgreiningunni voru áhrif, áhættuþættir og tækifæri metin með tilliti til þess hvort áhrifin væru jákvæð eða neikvæð, hvar áhrifin eiga sér stað (í eigin starfsemi eða í virðiskeðju) ásamt því hvort um væri að ræða raunveruleg áhrif eða hugsanleg áhrif. Til að meta áhrif, áhættu og tækifæri var gengið út frá skilgreiningu ESRS 1 varðandi tímabil: skammtíma (1 ár), miðlungs (3 ár), eða langtíma (5 ár+). Með því að skilgreina áhrif, áhættu og tækifæri þvert á starfsemi sjóðsins, bæði hvað varðar rekstur og fjárfestingar er tryggt að greiningin endurspegli bæði bein og óbein áhrif sjóðsins á umhverfi, fólk og samfélag sem og áhrif umhverfis og samfélags á starfsemi sjóðsins.

Áhrifamikilvægi (e. Impact materiality)

Vísar til mikilvægra raunverulegra og hugsanlegra áhrifa fyrirtækis á umhverfi, samfélag og efnahag og beinist að því hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á þessa þætti og með hvaða hætti.

Fjárhagslegt mikilvægi (e. Financial materiality)

Vísar til þeirra sjálfbærniþátta sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu og frammistöðu fyrirtækis og beinist að því hvernig umhverfis- og félagslegir þættir geti haft fjárhagsleg áhrif á árangur fyrirtækis út frá sjálfbærnisjónarmiðum



¹European Sustainability Reporting Standards: Regulation EU 2023/2772

²Corporate Sustainability Reporting Directive: Regulation EU 2022/2464

³European Financial Reporting Advisory Group

GOV-1 Hlutverk stjórnenda og eftirlit

Stjórn LSR ásamt framkvæmdastjóra hafa sett sjóðnum sjálfbærnistefnu. Sviðsstjóri eignastýringar hefur yfirumsjón með sjálfbærnimálum hjá LSR, en innan eignastýringar er sjálfbærniteymi sem leiðir framkvæmd sjálfbærnistefnunnar. Það sinnir innleiðingu og eftirfylgni á sjálfbærniverkefnum sjóðsins, bæði hvað snýr að rekstri hans og fjárfestingum. Reglulega er staða sjálfbærnimála sjóðsins yfirfarin af ábyrgðaraðilum og helstu áhersluatriði borin undir stjórn sjóðsins. Eftirlit með sjálfbærnitengdri áhættu er í höndum áhættustýringar LSR, sem meðal annars framkvæmir loftslagsáhættumat vegna eigna sjóðsins. Öllum frávikum frá sjálfbærnistefnu sjóðsins er fylgt eftir af ábyrgðaraðilum, sem eru sviðsstjórar eignastýringar og stafrænnar þróunar og reksturs.



GOV-2 Sjálfbærni upplýsingar

Allar uppfærslur á sjálfbærnitengdu efni eru bornar undir stjórnendum og stjórn sjóðsins þegar við á. Tvöföld mikilvægisgreining var framkvæmd á árinu 2024 en var það í fyrsta sinn sem slík greining fór fram hjá sjóðnum. Niðurstöður voru kynntar fyrir stjórn og framkvæmdastjórn sjóðsins og í þeirri kynningu var jafnframt farið yfir eðli mikilvægisgreiningar, aðferðafræði og yfirlit yfir helstu hagaðila sem tóku þátt í að skilgreina bæði áhrifamikilvægi og fjárhagslegt mikilvægi sjóðsins.

Sjálfbærniteymi hélt kynningu fyrir stjórn sjóðsins á árinu sem fjallaði um umfang og stöðu sjálfbærniregluverksins á Íslandi. Farið var yfir helstu regluverk og upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni ásamt því að kynna helstu hugtök og skilgreiningar sem og uppfærslur á lagalegu umhverfi sjálfbærninnar eins og við horfir í dag.

GOV-3 Hvatakerfi

LSR hefur ekki samþætt árangurstengda frammistöðu í sjálfbærni við hvatakerfi.



GOV-4 Umgjörð


Sjálfbærnumgjörð sjóðsins hefur verið styrkt með því að skilgreina fleiri lykilmælikvarða tengda sjálfbærni. Eftirlit sjóðsins felst meðal annars í því að fá yfirlit yfir stöðu UFS-þátta fyrir þá fjármálagerninga sem fjárfest er í, bæði innlenda og erlenda. Þar er helst stuðst við UFS-mat frá þriðja aðila, eftirlit með áhættu eigna út frá sjálfbærniþáttum, sjálfbærnivíðmót þriðja aðila við greiningu upplýsinga, auk eftirlits með lagalegum kröfum og frávikum innan eignasafns sjóðsins. Þetta á bæði við um nýjar fjárfestingar sem og eftirfylgni við núverandi eignasafn sjóðsins (þegar það á við) og er stuðst við áhættumat út frá bæði atvinnugrein og landsvæði fjárfestingarinnar. Einnig er kallað eftir svörum frá mótaðilum um hvernig komið er til móts við ýmsa áhættuþætti tengda sjálfbærni. LSR sinnir eftirliti sjálfbærniþátta með stýringu eignasafns, virku eignarhaldi sem og upplýsingagjöf til ytri aðila.

GOV-5 Eftirlitskerfi

LSR er með víðtækt eftirlitskerfi fyrir bæði reikningsskil og sjálfbærniskýrslu. Allar fjárhagslegar upplýsingar eru í höndum fjármálasviðs LSR, þar með talið yfirumsjón ófjárhagslegra upplýsinga í ársreikningi og skýrslu stjórnar. Áhættustýring LSR sér um áhættumat á eignasafni sjóðsins, en daglegt eftirlit með helstu sjálfbærniþáttum, mælikvörðum og viðmiðum er í höndum eignastýringar. Unnið er bæði með innri og ytri sérfræðingum til að tryggja gæði gagna og draga úr áhættuþáttum. Á árinu var framkvæmt loftslagsáhættumat þar sem skilgreindir voru helstu áhættuþættir út frá raunlægrí áhættu og umbreytingaráhættu. Eignasafn LSR var kortlagt út frá landsvæðum og atvinnugreinum til að meta helstu sjálfbærniáhættu ásamt því að framkvæmd var greining á fjármagnaðri losun vegna eignasafns sjóðsins, bæði vegna fjárfestinga og útlána til sjóðfélaga. Markmið greininganna er að bera kennsl á mögulegt fjárhagslegt tap vegna áhrifa loftslagsbreytinga á eignir og skuldbindingar sjóðsins og tryggja betur langtímahagsmuni hans.

Eftirlit UFS-þátta innan eignasafns

- UFS-mat frá þriðja aðila
- Eftirlit með áhættu út frá þriðja aðila
- Eftirlit með sjálfbærniþáttum með stýringu eignasafns, virku eignarhaldi sem og upplýsingagjöf til ytri aðila
- Eftirlit með lagalegum kröfum og frávikum innan eignasafns sjóðsins
- Stuðst við áhættumat út frá atvinnugrein og landsvæði
- Kallað eftir svörum um hvernig komið er til móts við ýmsa áhættuþætti tengda sjálfbærni.




Stefna, viðskiptalíkan og virðiskeðja

Viðskiptalíkan okkar byggir á ábyrgri eignastýringu með áherslu á jafnvægi milli áhættu og ávöxtunar og með tilliti til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við fjárfestingarákvarðanir. Mikilvægt er fyrir sjóðinn að kortleggja helstu áhrif, áhættu og tækifæri sem tengjast sjálfbærni í virðiskeðju hans. Stefna sjóðsins styður við reglubundið mat á áhrifum og virku samtali við hagaðila sjóðsins.

SBM-1 Stefna LSR


LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Áherslur í sjálfbærni eru sniðnar að þeim gildum sem sjóðurinn leitast við að fylgja, með það markmið að skapa virði fyrir sjóðfélaga og samfélag. LSR leitast einnig við að vera ábyrgur fjárfestir sem stuðlar að góðum stjórnarháttum á fjármálamarkaði og sýnir það í verki með því að huga að gæðum samfélagsins, stöðugleika og fjölbreytni við fjárfestingaákvæðanir sínar.



LSR vill viðhalda sterku sambandi og traustum tengslum við hagaðila sjóðsins. Því eiga sér stað regluleg samtöl þar sem leitast er við að fá innsýn í stöðu hagaðila, væntingar og þróun. Þetta gerir sjóðnum kleift að samræma forgangsróðun, verkefni og verkferla með hagsmuni hagaðila til hliðsjónar.

Hagaðilar	Samskipti	Væntingar	Aðgerðir LSR	Stefnur og reglur
Fulltrúar félaga, sjóða og annarra útgefanda sem LSR hefur fjárfest í	- Tölvupóstar, fundir og símtöl - Hluthafafundir félaga - Beiðnir / fyrirspurnir / eftirfylgni - Könnun vegna eigendastefnu	- Traust og góð samskipti - Ábyrgur fjárfestir - Svigrúm til að mæta kröfum - Fagmennska	- UFS-mat og greining - Eftirfylgni UFS-mála - Verkferlar við nýjar fjárfestingar - UFS-spurningalistar	- Sjálfbærnistefna - Eigendastefna - Fjárfestingarstefna
Þjónustuaðilar og birgjar	- Samtal í gegnum samningagerð og eftirlit - Skýrar væntingar í gegnum siðareglur LSR	- Fylgni við skilmála samninga - Ábyrgur kaupandi	- Skýr sjálfbærnistefna og eftirfylgni - Samþættir verkferlar við samninga og eftirlit	- Sjálfbærnistefna - Útvistunarstefna
Stjórn og starfsfólk LSR	- Starfsánægjukönnun - Starfsmannafundir - Stjórnarfundir - Regluleg samtöl við næsta yfirmann	- Ábyrgur vinnuveitandi - Sanngjörn ráðningakjör - Tækifæri til faglegrar þróunar - Heilbriggt og öruggt starfsumhverfi - Jafnræði á vinnustað - Góð forysta	- Úrvinnsla starfsánægjukönnunar - Frammistöðusamtöl - Aðgerðir v. jafnlaunavottunar - Regluleg samskipti - Upplýsingar í gegnum Innra net	- Sjálfbærnistefna - Mannauðsstefna - Starfslokastefna - Starfskjarastefna - Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun - Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi - Samgöngustefna - Stefna um vinnuvernd - Siða- og samskiptareglur
Sjóðfélagar	- Ársfundur LSR - Mínar síður - Tölvupóstsamskipti - Fyrirspurnir til ráðgjafa LSR	- Gott aðgengi að upplýsingum - Örugg og traust starfsemi - Upplýsinga- og gagnaöryggi - Góð þjónusta - Sjálfbærnisjónarmið	- Regluleg áhættustýring - Aðgerðir v. upplýsingaöryggis - Lágmarka kolefnisspor - Bætt notendaupplifun	- Sjálfbærnistefna - Upplýsingaöryggisstefna - Skjala- og upplýsingastefna - Þjónustustefna - Vefstefna - Persónuverndarstefna - Áhættustefna - Fjárfestingarstefna
Eftirlitsaðilar og stjórnvöld	- Formlegar og óformlegar fyrirspurnir og fundir. - Sérfræðiálit í opinberu samráði - Þátttaka/samskipti vegna reglugerðabreytinga	- Lagalegar kröfur uppfylltar - Áreiðanleiki og gagnsæi upplýsinga - Traust áhættustýring - Samræmd nálgun vegna loftslagstengdra málefna	- Samstarf við yfirvöld og eftirlitsaðila - Svar fyrirspurna / verkefni vegna málefna sem snerta LSR - Framkvæmd á loftslagsáhættumati	- Sjálfbærnistefna - Áhættustefna - Eigendastefna - Fjárfestingarstefna

Samstarf á sviði sjálfbærni



LSR horfir til alþjóðlegra viðmiða og samstarfs á sviði sjálfbærni. Sjóðurinn vill vera ábyrgur fjárfestir og hefur því innleitt og eflt sjálfbærniþætti sem styðja við þau markmið og áherslur sem sjóðurinn hefur sett sér vegna fjárfestinga hans.

Tvöföld mikilvægisgreining

SBM-3

Áhrif, áhætta og tækifæri

Framkvæmd tvöfaldrar mikilvægisgreiningar er liður í upplýsingagjöf um sjálfbæra starfsemi sjóðsins, en með henni ákvarðar LSR hvaða sjálfbærnimál teljast til áhrifamikilvægis⁴ og fjárhagslegs mikilvægis⁵. Unnið var út frá tvöföldu efnisviðmiðunum sem skilgreind eru í ESRS 1 og leiðbeiningum EFRAG. Metin voru áhrif á umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti og skoðað hvernig slíkir UFS-þættir hafa áhrif á áhættu og tækifæri hjá sjóðnum. Líkt og mælt er fyrir í ESRS eru áhrif metin út frá áhrifamikilvægi en áhætta og tækifæri ákvörðuð út frá fjárhagslegu mikilvægi. Niðurstöður tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar sýndu fram á hvaða sjálfbærniefnisþættir leggja grunninn að sjálfbærnitengdri upplýsingagjöf sjóðsins og hvaða þátta innan áhrifa, áhættu og tækifæra beri að taka tillit til á hverju tímabili. Eftirfarandi töflur gera grein fyrir áhrifum þeirra fimm þátta sem hvað mest varða LSR skv. tvöfaldri mikilvægisgreiningu.

	Efni	Áhrif og áhætta	Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif	Í eigin starfsemi Í virðiskeðju	Raunveruleg áhrif Hugsanleg áhrif
			 	 	 
Umhverfislegir þættir	Loftslagsbreytingar 	Loftslagsáhætta Kolefnisfótspor Sjálfbær nýting auðlinda Umhverfisvænir orkugjafar	 	 	 
Félagslegir þættir	Mannauður 	Jafnrétti Starfsumhverfi Velferð og öryggi starfsfólks			
	Samfélag 	Ábyrgar upplýsingar Ábyrg starfsemi		 	
	Neytendur og endanotendur 	Gagnaöryggi og persónuvernd Fjárhagsleg velferð Jafnræði		 	 
Stjórnarhættir	Viðskiptasiðferði 	Eftirlit og áhættustýring Góðir stjórnarhættir Orðspor og traust Fylgni við lög og reglur Gagnsæi í starfsemi Spilling og mútur		 	 

⁴ Áhrifamikilvægi (e. Impact materiality)

⁵ Fjárhagslegt mikilvægi (e. Financial materiality)

		Jákvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Áhætta	Tækifæri
Loftslagsbreytingar 		Fjármagna og styðja við umbreytingarferli fyrirtækja Umhverfisvænar fjárfestingar	Kolefnislosun frá lánasafni, eignasafni og eigin starfsemi	Loftslagstengd umbreytingaráhætta Raunlæg loftslagsáhætta	Fjárfesta í tækifærum sem stuðla að aðlögunar- og mótvægisáðgerðum loftslagsbreytinga Ýta undir aðlögun
Mannauður 		Jafnrétti Velferð og öryggi starfsmanna Starfsumhverfi			Jöfn tækifæri óháð kyni Auka starfsánægju með því að huga að traustu og góðu starfsumhverfi
Samfélag 		Ábyrg starfsemi Ábyrgar upplýsingar			Uppbygging innviða Stuðla að sjálfbæru samfélagi með fjárfestingum sjóðsins
Neytendur og endanotendur 		Fjárhagsleg velferð Jafnræði		Gagnaöryggi og persónuvernd	
Viðskiptasiðferði 		Góðir stjórnarhættir Ítarlegt eftirlit Gagnsæi í starfsemi		Peningaþvætti Spilling og mútur Orðspor og traust	Ýta undir góða stjórnarhætti í eignasafni

Jákvæð áhrif: +
Neikvæð áhrif: -

Áhætta: Á
Tækifæri: T

Fjárhagslegt mikilvægi

Afgerandi			Viðskiptasiðferði +/T/Á Neytendur og endanotendur +/Á
Verulegt		Loftslagbreytingar +/-T/Á Samfélag +/T	Mannauður +/T
Lítið	Mengun Vatns- og sjávarauðlindir Líffræðilegur fjölbreytileiki Auðlindir og hringrásarkerfi	Starfsfólk í virðisæðju +/Á	
	Lítið	Verulegt	Afgerandi

Áhrifamikilvægi

Áhrif (jákvæð/neikvæð), hvar þau eiga sér stað (í eigin starfsemi/í virðisæðju) sem og hvort um sé að ræða hugsanleg áhrif eða raunveruleg áhrif, eru sérstaklega skoðuð og forgangsraðað eftir atvikum. Tekið skal fram að ekki er um að ræða tæmandi lista en einblínt á þá þætti sem sjóðurinn og hagaðilar telja að skipti mestu máli hvað varðar áhrif, áhættu og tækifæri. Árlega verða þessir þættir endurskoðaðir og uppfærðir í samræmi við niðurstöður hverju sinni. Frekari upplýsingar um hvernig sjóðurinn bregst við áhrifum, áhættupáttum og tækifærum er að finna undir upplýsingagjöf er varða umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti.



Stefna	Umhverfislegir þættir (E1)	Félagslegir þættir (S1,S3 og S4)	Stjórnarhættir (G1)
Fjárfestingarstefna	✓	✓	✓
Eigendastefna	✓	✓	✓
Sjálfbærnistefna	✓	✓	✓
Áhættustefna	✓	✓	✓
Starfskjarastefna		✓	
Mannauðsstefna		✓	
Jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun		✓	
Fræðslustefna		✓	
Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi		✓	
Samgöngustefna	✓	✓	
Stefna um vinnuvernd		✓	
Upplýsingaöryggisstefna		✓	
Þjónustustefna		✓	
Persónuverndarstefna		✓	
Vefstefna		✓	
Skjala- og upplýsingastefna		✓	✓
Útvistunarstefna			✓

Greining og mat á mikilvægum áhrifum, áhættu og tækifærum

Umfang


Við framkvæmd á tvöfaldri mikilvægisgreiningu voru greind helstu áhrif, áhættuþættir og tækifæri. Ofangreindir þættir voru metnir út frá leiðbeiningum EFRAG og túlkun sjóðsins á ESRS-stöðlum. Fyrsta skrefið við mat á áhrifum, áhættu og tækifærum fólst í kortlagningu á starfsemi LSR, virðisскеðju og hagaðilum. Áhrif, áhætta og tækifæri voru metin með tilliti til áhrifategundar (jákvæð / neikvæð), hvar áhrifin eiga sér stað (í eigin starfsemi / í virðisскеðju) ásamt því hvort um er að ræða raunveruleg áhrif eða hugsanleg áhrif. Áhrif, áhætta og tækifæri voru einnig metin með tilliti til stærðar (e. scale), umfangs (e. scope), óafturkræfni (e. irredeemability), líkum (e. likelihood) og alvarleika (e. severity).

Hagaðilar

Við undirbúning á tvöfaldri mikilvægisgreiningu var gengið út frá ESRS-stöðlum innan umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar. Spurningar til hagaðila voru mótaðar út frá ESRS-stöðlum og efnisþáttum innan þeirra. Til hagaðila töldust bæði innri og ytri hagaðilar. Innri hagaðilar sjóðsins, bæði stjórnendur og starfsfólk í skilgreindum lykilhlutverkum innan sjóðsins, búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á starfsemi sjóðsins innan hvers sviðs ásamt góðri innsýn í dagleg viðfangsefni. Ytri hagaðilar sjóðsins voru skilgreindir fulltrúar sjóða og annarra útgefenda sem LSR hefur fjárfest í, þjónustuaðilar og birgjar sem og aðrir hagaðilar sem eiga í viðskiptasambandi við sjóðinn.

Áhættumat

Áhættumat á eignasafni LSR er í höndum áhættustýringar, þar sem horft er meðal annars á áhættuþætti er varða umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti, bæði við mat á nýjum fjárfestingarkostum og eftirfylgni við núverandi eignasafn sjóðsins. Einstakir áhættuþættir eru greindir og metnir með reglubundnum hætti út frá alvarleika og áhrifum sem einstök áhætta getur haft í för með sér en einnig út frá því hversu líklegt sé að áhættan verði að veruleika. Með hliðsjón af ESRS-regluverkinu og niðurstöðum tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar hafa áhættuþættir verið greindir. Framvegis verða þeir uppfærðir árlega að teknu tilliti til breyttra forsenda í regluverki sem tekur á upplýsingagjöf um sjálfbærni.



ESRS-staðlar ekki metnir til tvöfalds mikilvægis

Þótt sumir þættir innan ESRS séu ekki taldir til áhrifamikilvægis og fjárhagslegs mikilvægis út frá niðurstöðum tvöfaldrar mikilvægisgreiningar þýðir það ekki að þeir eigi ekki við um starfsemi LSR. Sjóðurinn viðurkennir mikilvægi þessara þátta en út frá kjarnastarfsemi sjóðsins eru bein áhrif og fjárhagsleg áhætta takmörkuð. Sem stendur eru þessir þættir því ekki teknir með í upplýsingagjöf út frá niðurstöðum en sjóðurinn mun halda áfram að meta hugsanleg áhrif þeirra á eignasafn sjóðsins og endurmeta stöðu þar sem við á.

E2 Mengun:

Eignasafn LSR er lítið útsett fyrir mengun og samkvæmt gögnum sem LSR styðst við eru áhrif mengunar á eignasafn sjóðsins metin lítil. Takmörkuð fjárhagslega áhætta er talin stafa af mengun. Hugsanleg mengunaráhrif gætu helst stafað af atvikum þar sem efnaleki ætti sér stað, sem gæti leitt til sekta, málaferla og orðsporsáhættu vegna tiltekinnar fjárfestingar. Flestar fjárfestingar sjóðsins eru í vestrænum ríkjum þar sem starfað er eftir ströngum umhverfisreglum og er metið að það dragi úr áhrifum og afleiðingum mögulegrar mengunar.

E3 Vatns- og sjávarauðlindir:

Fjárfestingar sem mögulega hafa áhrif á vatns- og sjávarauðlindir í eignasafni LSR eru í vestrænum ríkjum þar sem starfað er eftir ströngum umhverfisreglum og er metið að það dragi umtalsvert úr hættu á verulegum áhrifum og afleiðingum af þeim á vatns- og sjávarauðlindir. Erfitt er að meta raunveruleg áhrif sjóðsins á vatns- og sjávarauðlindir vegna takmarkaðra gagna en horft er til loftslagsáhættumats vegna súrnunar sjávar og annarrar loftslagstengdrar áhættu við mat á mikilvægi.

E4 Líffræðilegur fjölbreytileiki:

Fjárfestingar sem mögulega hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika eru helst innan bygginga- og innviðaframkvæmda. Sjóðurinn fjármagnar einstakar bygginga- og innviðaframkvæmdir að takmörkuðu leyti og því eru bein áhrif hans á líffræðilegan fjölbreytileika takmörkuð. Hins vegar fjárfestir sjóðurinn í félögum sem stunda slíkar framkvæmdir. Þær fjárfestingar eru mestmegnis í innlendu eignasafni og er áhætta vegna áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika metin í lágmarki vegna strangrar byggingarreglugerðar og eftirlits.

E5 Auðlindir og hringrásarkerfi:

Fjárfestingar í fyrirtækjum sem leggja sérstaka áherslu á auðlindanýtingu og hringrásarkerfið hafa verið af skornum skammti. Sjóðurinn lítur svo á að endurvinnsla efna geti dregið verulega úr kostnaði, styrkt aðfangakeðjur og veitt forskot á tímum hækkandi efniskostnaðar og aukinnar áherslu á auðlindanýtingu. Þrátt fyrir takmörkuð fjárfestingartækifæri eru ofangreindir þættir engu að síður hafðir til hliðsjónar við mat og greiningu fjárfestingar jafnt og aðrir sjálfbærniþættir.

S2 Starfsfólk í virðiskeðju:

Eignasafn sjóðsins sem fellur undir þennan flokk nær bæði til innlendra og erlendra fjárfestinga. Með tilliti til áhættu er lagt mat á réttindi starfsmanna, mannréttindi og að starfsemi sé í samræmi við reglur og viðmið UN Global Compact og OECD-leiðbeininga. Innlendar fjárfestingar eru að mestu leyti beinar fjárfestingar en erlendis er fjárfest í verðbréfasjóðum í gegnum rekstraraðila. Í innlendum fjárfestingum gefst því frekar tækifæri á að draga úr þessari áhættu og í áreiðanleikakönnun sjóðsins við nýjar fjárfestingar er lögð áhersla á að kanna meðferð og réttindi starfsfólks. Í erlendum fjárfestingum er horft til stefnu sjóðanna og þeirra viðmiða sem um þá gilda. Öll frávik eru skoðuð sérstaklega.

Umhverfislegir þættir



E1 Loftslagsbreytingar

E1

LSR leitast við að draga úr vistspori sjóðsins með markvissum aðgerðum. Sjóðurinn vill vera til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismálum og hafa þannig góð áhrif á nærumhverfið sitt og samfélagið í heild. Sjóðurinn rekur eina skrifstofu í Reykjavík og er starfsemin með þeim hætti að bein umhverfisáhrif af rekstri sjóðsins eru óveruleg. Þrátt fyrir að reksturinn (umfang 1 og 2) sem slíkur sé ekki líklegur til að hafa skaðleg áhrif á umhverfið telur LSR mikilvægt að gæta að þessum áhrifum og er umhverfissjónarmiða gætt í hvívetna innan reksturs LSR. Helstu umhverfisáhrifa sjóðsins ber að gæta innan umfangs 3, vegna fjárfestinga sjóðsins og útlána. Því er upplýsingagjöf sjóðsins miðuð að því að upplýsa um áhrif, áhættu og tækifæri fyrir umfang 3.

SBM-3

Áhrif, áhætta og tækifæri

Áhrif, áhætta og tækifæri sem voru metin til áhrifamikilvægis og fjárhagslegs mikilvægis eru tilgreind hér að neðan ásamt þeim skýringakröfum sem gefa innsýn í framkvæmd á sjálfbærnistefnu sjóðsins og helstu áherslum og aðgerðum sem sjóðurinn tileinkar sér.

IRO-1

Greining og mat á áhrifum, áhættu og tækifærum

LSR metur markvisst loftslagstengd áhrif, áhættu og tækifæri í tengslum við fjárfestingar sjóðsins. Framkvæmt er loftslagsáhættumat þar sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna áhrifa loftslagsbreytinga á eignir og skuldbindingar sjóðsins er metin. Raunlæg áhætta í eignasafni sjóðsins er kortlögð út frá mögulegu fjárhagslegu tjóni, áhrifasvæða þess og þeim fjárfestingum sem eru sérstaklega útsettar fyrir áhættunni. Metin er áhætta út frá atvinnugrein og landsvæðaskiptingu en fyrir liggur að ákveðnar atvinnugreinar eru berskjaldaðri fyrir loftslagsáhættu en aðrar. Við mat á áhrifum af umbreytingaráhættu eru metnir þeir áhættuþættir sem fylgja breytingum í átt að sjálfbærara samfélagi og tilgreindar þær fjárfestingar í eignasafni sjóðsins sem útsettar eru fyrir helstu áhættuþáttum. Þeir eru t.a.m. breytingar á regluverki og lagaleg áhætta, tæknibreytingar, breyttar markaðsaðstæður og strandaðar eignir ásamt stjórnarháttum. Áhættumat er skilgreint út frá líkum og áhrifum með tilliti til áhættumildandi aðgerða.

Útreikningur á fjármagnaðri losun eignasafns styðst við aðferðafræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials). Sú greining nýtist jafnframt við mat á fjárhagslegri áhættu sem stafar af loftslagsbreytingum á eignir og skuldbindingar sjóðsins. Við mat á loftslagsáhættu er einnig horft til losunarkræfni þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Með slíkri greiningu skapast skýrari mynd af raunverulegum umhverfisáhrifum fyrirtækja og sjóða í eignasafninu. Niðurstöður greininga á þeim loftslagstengdu áhrifum, áhættu og tækifærum á eignasafni sjóðsins styðja við frekari ákvarðanatöku í fjárfestingum, draga úr loftslagstengdri áhættu ásamt því að gera kleift að meta stöðu sjóðsins gagnvart markmiðum Parísarsamkomulagsins varðandi alþjóðlegar skuldbindingar um samdrátt í losun.

Kolefnislosun

Kolefnislosun má flokka eftir **umfangi 1, 2 og 3**. Undir **umfang 1** fellur bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi. Þetta á til dæmis við um farartæki í eigu starfseminnar og vegna húsnæðis. Undir **umfang 2** fellur öll óbein losun sem stafar af orkunotkun, t.a.m. við kaup á hita og rafmagni. Undir **umfang 3** fellur öll önnur óbein losun sem á sér stað í virðiskeðjunni. Þetta eru til dæmis losun frá aðkeyptri þjónustu og vöru, samgöngum starfsfólks og fjárfestingum.

Raunlæg áhætta

Áhætta vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga á veðurfari og langtímaáhrifa breytinga loftslags á vistkerfi jarðar. Raunlæg áhætta felst meðal annars í:

- i) skyndilegum ógnum vegna loftslagsbreytinga (öfgar í veðurfari)
- ii) varanlegum neikvæðum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga (ákveðin svæði verða ekki nothæf til búsetu, atvinnurekstrar eða landbúnaðar).

Umbreytingaráhætta

Sú áhætta sem stafar af umbreytingum yfir í lágkolefnahagkerfi, þ.e. hagkerfi sem vinnur gegn loftslagsbreytingum með því að draga úr kolefnislosun. Snögg og óskipuleg umskipti geta haft neikvæð áhrif á fyrirtæki, atvinnugreinar og efnahagslífið almennt. Mengandi starfsemi verður í kjölfarið kostnaðarsamari, meðal annars vegna breytinga á regluverki. Aðgerðaleyfi getur einnig haft neikvæð áhrif á fyrirtæki og ýtt undir umbreytingaráhættu.

1

Eigendastefna

Eigendastefna LSR markar stefnu sjóðsins sem fjárfestis út á við. Hún styður við starfsemi sjóðsins þegar hann rækir framangreint hlutverk. Þá auðveldar stefnan þeim aðilum sem sjóðurinn fjárfestir í, eða sækjast eftir fjárfestingu hans, að gera sér grein fyrir því hvers má vænta af LSR sem fjárfesti.

2

Áhættustefna

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að uppfylla skyldur sínar. Í áhættustefnu er áhættuvilji stjórnar skilgreindur og tekur fjárfestingarstefna sjóðsins mið af honum. Áhættustefna og fjárfestingarstefna mynda þannig saman umgjörð sem miðar að því að sjóðurinn nái markmiðum sínum með hliðsjón af aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

3

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett árlega til fimm ára í senn. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til fjölmargra þátta, m.a. þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamörkuðum, áhættuvilja og áhættuþoli sjóðsins sem og þróun á væntu framtíðargreiðsluflæði og aldurssamsetningu sjóðfélaga.

4

Sjálfbærnistefna

Lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn tileinkar sér þær áherslur í starfsemi sinni. Stefnan tekur til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum sínum.

5

Samgöngustefna

LSR vill stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta, til heilsueflingar og til þess að draga úr mengun.

Umbreytingaráætlun

E1-1	Eðli umbreytingar	IRO*	Tímabil
Fjármögnuð losun frá fjárfestingum og lánum	Loftslagstengd málefni hafa verið í brennidepli undanfarin ár. Fjármögnuð losun sjóðsins vegna fjárfestinga og lána til sjóðfélaga var reiknuð í fyrsta sinn á árinu. Þrátt fyrir að fjármögnuð losun LSR hafi ekki verið metin mikil, verður áfram unnið að því að draga frekar úr losunarkræfni sjóðsins.	Neikvæð áhrif	Skammtíma (1 ár),- miðlungs (3 ár),- og langtíma (5 ár+)
Fjárfestingar í loftslagsfrekari fyrirtækjum	LSR leggur áherslu á að félög sem fjárfest er í stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vinni ötullega að sjálfbærnimálum. Í eignasafni LSR eru félög sem starfa í atvinnugreinum sem losa meira en aðrar og alltaf er sú áhætta til staðar að fyrirtækjum takist ekki að umbreyta verkferlum til að lágmarka kolefnisfótspor þeirra.	Áhætta	Skammtíma (1 ár),- miðlungs (3 ár),- og langtíma (5 ár+)
Loftslagsbreytingar raunlæg áhætta	Raunlæg áhætta vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga á veðurfari og langtímaáhrifa loftslagsbreytinga á vistkerfi jarðar. Tilgreindar ógnir geta valdið rekstrartruflunum hjá fyrirtækjum, skemmdum á eignum fyrirtækja vegna veðuröfga, breytingum á eftirspurn og fólksflutningum landa á milli með tilheyrandi efnahagslegum áhrifum.	Áhætta	Langtíma (5 ár+)
Loftslagsbreytingar umbreytingaráhætta	Umbreytingaráhætta yfir í lágkolefnishagkerfi getur reynst fyrirtækjum erfið og geta snögg og óskipuleg umskipti haft neikvæð áhrif á fyrirtæki, atvinnugreinar og efnahagslífið almennt. Óumhverfisvæn starfsemi getur í kjölfarið orðið kostnaðarsamari m.a. vegna breytinga á regluverki. Aðgerðaleysi getur einnig haft neikvæð áhrif á fyrirtæki og aukið umbreytingaráhættu.	Áhætta	Miðlungs (3 ár) - og langtíma (5 ár+)
Sjálfbær umskipti	LSR trúir því að sjálfbær rekstur og sjálfbær nýting auðlinda sé grundvallaratriði í fjárhagslegri velgengni félaga í rekstri til lengri tíma lítið. Sem langtímafjárfestir leggur sjóðurinn áherslu á að félög og sjóðir í eigu LSR hugi að sjálfbærnimálum til að tryggja áframhaldandi árangur.	Tækifæri	Miðlungs (3 ár) - og langtíma (5 ár+)

Mildun og aðlögun loftslagsbreytinga

E1-2	Eðli umbreytingar	IRO*	Tímabil
Fjárfestingar í endurnýjanlegri orku	Loftslagstengd málefni hafa verið í brennidepli undanfarin ár. Fjármögnuð losun sjóðsins vegna fjárfestinga og lána til sjóðfélaga var reiknuð í fyrsta sinn á árinu. Þrátt fyrir að fjármögnuð losun LSR hafi ekki verið metin há verður áfram unnið að því að draga frekar úr losunarkræfni sjóðsins.	Raunveruleg jákvæð áhrif	Skammtíma (1 ár),- miðlungs (3 ár),- og langtíma (5 ár+)
Skuldabréf sem gefin eru út undir grænum fjármögnunarramma	LSR leggur áherslu á að félög sem fjárfest er í stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vinni ötullega að sjálfbærnimálum. Innan eignasafns LSR eru atvinnugreinar sem losa meira en aðrar, alltaf er sú áhætta til staðar að fyrirtækjum takist ekki að umbreyta verkferlum til að lágmarka kolefnisfótspor þeirra.	Raunveruleg jákvæð áhrif	Skammtíma (1 ár),- miðlungs (3 ár),- og langtíma (5 ár+)
Framboð undir grænum og félagslegum fjármögnunarramma	Raunlæg áhætta vegna aukinnar tíðni og umfangs breytinga á veðurfari og langtímaáhrif breytinga loftslags á vistkerfi jarðar. Tilgreindar ógnir geta valdið rekstrartruflunum hjá fyrirtækjum, skemmdum á eignum fyrirtækja vegna veðuröfga, breytingum á eftirspurn og fólksflutningum landa á milli með tilheyrandi efnahagslegum áhrifum.	Tækifæri	Miðlungs (3 ár) - og langtíma (5 ár+)

E1-3

Áhrifa LSR hvað varðar loftslagsbreytingar gæti helst í fjárfestingum sjóðsins. Framkvæmd var greining á fjármagnaðri losun í innlendum fjárfestingum sem náði til 73% af innlendu eignasafni sjóðsins. Næsta skref er að meta fjármagnaða losun í erlendu eignasafni sjóðsins.

Á árinu fór fram endurmat á verkferlum við sjálfbærnimat fjárfestinga, bæði við nýfjárfestingar og eftirfylgni við núverandi fjárfestingar. Jafnframt voru haldnar vinnustofur með starfsfólki eignastýringar þar sem farið var yfir vinnulag við UFS-mat og greiningu fjárfestinga. Lögð er áhersla á greiningu fjárfestinga út frá UFS-áhættumati, lagalegum ramma, alþjóðlegum stöðlum, mælikvörðum og þeim áherslum sem LSR hefur mótað í sinni sjálfbærnistefnu.

UFS-spurningalisti sem lagður er fyrir fulltrúa félaga og sjóða sem LSR fjárfestir í var uppfærður út frá skilgreindum áherslum sjóðsins. Áhættumat fjárfestingar tekur meðal annars mið af atvinnugrein fjárfestingarinnar og eru spurningar útfærðar með það að markmiði að kortleggja sjálfbærniáherslur og áhættu félaga sem fjárfest er í og draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum. Sem langtímafjárfestir mun LSR halda áfram að efla umgjörð sjálfbærnimála en það er trú sjóðsins að til lengri tíma litið sé sjálfbær rekstur og sjálfbær nýting auðlinda grundvallaratriði í fjárhagslegri velgengni félaga í rekstri, sem skilar sér svo aftur í langtímaarðsemi eignasafnsins. Sjóðurinn horfir til ýmissa sjálfbærnitengdra þátta í starfsemi þeirra félaga sem fjárfest er í og heldur á lofti mikilvægi þess að litið sé til þeirra til lengri tíma.

*Impact, Risk, and Opportunity (Áhrif, áhætta og tækifæri)

Verkefni ársins 2024

- Uppfært mat á lagalegum ramma sjálfbærnimála kynnt fyrir stjórn
- Framkvæmd á tvöfaldri mikilvægisgreiningu
- Verkferlar við nýfjárfestingar skilgreindir
- Verkferlar við eftirfylgni fjárfestinga skilgreindir
- Sjálfbærnivinnustofur með eignastýringu LSR
- UFS-spurningalistar vegna innlendra fjárfestinga uppfærðir m.t.t. áhættuþátta atvinnugreina
- Greining framkvæmd á fjármagnaðri losun innlands eignasafns (PCAF)
- Dýpri úttekt á loftslagsáhættu sjóðsins


Sjálfbærnimat LSR á eignasafn

Sjálfbærnimat LSR veitir innsýn í umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti innan fjárfestinga sjóðsins til að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku með langtíma ávöxtun og ábyrga áhættustýringu að leiðarljósi.

Innlent eignasafn

UFS-einkunn félaga í innlendu eignasafni LSR byggir á UFS-mati frá Reitun hf. sem byggir mat sitt bæði á opinberum upplýsingum og fundum með forsvarsmönnum félaga. Félögum eru gefin stig fyrir umhverfismál, félagsleg mál og stjórnarhætti á skalanum 0 til 100, þar sem 100 er hæsta einkunn.

Innlent skráð eignasafn 2024
skv. Reitun




Erlent eignasafn

Við UFS-mat á erlendu eignasafni er stuðst við áhættumat frá Morningstar. Slíku mati er úthlutað öllum skráðum verðbréfasjóðum sem eru með mælanlegan áhættustýringarramma utan um meirihluta eigna í eignasafni hvers sjóðs. Morningstar notast við skalann 1 – 5, þar sem 5 er besta einkunn við mat á UFS-áhættumati sjóða, 4 yfir meðallagi, 3 meðal, 2 undir meðallagi og 1 lægsta einkunn við mat á UFS áhættumati sjóða.


Sjóðir eru metnir hlutfallslega miðað við aðra sjóði innan sama Morningstar Global Category, sem byggir á flokkun eftir sambærilegri fjárfestingarstefnu og eigna-samsetningu. Slik nálgun skv. aðferðafræði Morningstar tryggir að samanburður sé byggður á samræmdum forsendum og stuðlar þannig að marktækara mati á sjálfbærniáhættu sjóða.

Erlent skráð eignasafn 2024
skv. Morningstar



SFDR-reglugerðinni (Sustainable Finance Disclosure Regulation) er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir.

SFDR 2024



Article 9	5%	Article 6	1%
Article 8	68%	Ekki metið	26%



Article 9

Sjóðir sem hafa sjálfbær fjárfestingarmarkmið að leiðarljósi



Article 8

Sjóðir sem fjárfesta í umhverfis- og samfélagshvetjandi fjármálagerningum



Article 6

Sjóðir sem samþætta enga sjálfbærni inn í fjárfestingarferli

E1-4

Markmið við mildun og aðlögun

LSR er einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að þeir hygðust fjárfesta samanlagt fyrir 4,5 ma. bandaríkjadala í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Skrifað var undir viljayfirlýsinguna gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow í Skotlandi árið 2021. Með þessu staðfesti LSR vilja til að auka við grænar fjárfestingar sínar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo að markmiðum Parísarsáttmálans verði náð. Sjóðurinn stefnir þar af leiðandi að því að fjárfesta í félögum og sjóðum sem stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa sem og fjármálagerningum sem hafa fyrrgreind markmið að leiðarljósi.

E1-6

Losun gróðurhúsalofttegunda

Stuðst er við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol). Fyrir umfang 1 og 2 eru reikningar og gögn frá þjónustuaðilum og birgjum yfirfærð á tiltekinn losunarstuðul í samræmi við GHG Protocol. Hið sama er gert hvað varðar flokkun innan umfangs 3, en þar er enn unnið að frekari gagnaumfjöllun og markmiðasetningu fyrir framtíðarlosun.


Umfang 1 og 2

2024

Rafmagn	0,03 tCO ₂ íg
Vatnsnotkun	1,65 tCO ₂ íg

Umfang 3

Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	0,99 tCO ₂ íg
Flokkur 6: Viðskiptaferðir (flug)	5,55 tCO ₂ íg
Flokkur 15: Fjármögnuð losun (73% af innlendu eignasafni)	113.201 tCO ₂ íg



Raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta

Í loftslagsáhættumati sjóðsins var bæði horft til raunlægrar áhættu og umbreytingaráhættu. Út frá áhættumati á raunlægru áhættu voru skyndilegar ógnir vegna loftslagsbreytinga (öfgar í veðurfari) skilgreindar. Líkindamat miðast við hversu líklegt sé að ógn raungerist innan 10 ára. Horft var til þess að öfgar í veðurfari geti valdið tjóni á veðum að baki sjóðfélagalánum en einnig var horft til eigna út frá atvinnugreinum, þar sem öfgar í veðurfari geta haft mikil áhrif. Slíkt getur t.d. átt sér stað í landbúnaði, sjávarútvegi, smásölu og ferðamannþjónustu, með tilheyrandi samdrætti hjá fyrirtækjum sem starfa í viðkomandi atvinnugreinum. Til að meta möguleg fjárhagsleg áhrif var horft til hlutfalls eignasafnsins í viðkomandi atvinnugreinum og reyndist hlutfall mögulegra berskjaldaðra eigna í eignasafni LSR vera samtals um 22% af heildareignum sjóðsins. Þó má gera ráð fyrir að skyndilegar ógnir vegna loftslagsbreytinga muni ekki hafa áhrif á öll landsvæði í einu. Líkur á skyndilegum ógnum eru metnar sem miklar, þ.e. gætu gerst innan árs. Afleiðingar eru metnar sem miðlungs, þ.e. á bilinu 1-5% m.v. 20% lækkun á virði fyrirtækja í fyrrgreindum atvinnugreinum.


Í mati sjóðsins á umbreytingaráhættu eru tilgreindar helstu ógnir. Dæmi um þær eru ógnir mengandi starfsemi sem verður kostnaðarsamari vegna breytinga á regluverki, að LSR sitji uppi með strandaðar eignir, og einnig ógnir í tengslum við stjórnarhætti fyrirtækja. Kostnaður vegna breytinga á regluverki var metinn með tilliti til hversu fjarlæg félög væru frá markmiðum Parísarsamkomulagsins um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5°C. Niðurstöðurnar bentu til að 75% fyrirtækja í erlenda skráða eignasafninu, sem jafngildir um 25% af heildareignum LSR, séu metin sem fjarlæg, sem gefur til kynna að verulegur hluti fyrirtækja í safni sjóðsins sé ekki með markmið í samræmi við markmið Parísarsamkomulagsins. Greiningin byggir á loftslagssviðsmyndagreiningu þar sem metið er hvort losun tiltekins fyrirtækis sé í samræmi við það sem þarf til að ná hnattrænum hitastigsmörkum Parísarsamkomulagsins. Þau félög sem samræmast ekki markmiðum Parísarsamkomulagsins eru þá þau félög sem gert er ráð fyrir að losi meira af gróðurhúsalofttegundum en leyfilegt er samkvæmt samkomulaginu sé miðað við losunartölur í dag.

62% erlendra eigna sjóðsins eru staðsett í Bandaríkjunum og 22% eigna í Evrópu. Bandaríkin hafa dregið sig úr Parísarsamkomulaginu í valdatíð núverandi Bandaríkjaforseta. Ólíklegt er því talið að félög í Bandaríkjunum verði fyrir auknum kostnaði vegna reglubreytinga hvað varðar loftslagsmál á meðan Trump er við völd. Meiri líkur eru hins vegar á að það muni hafa aukinn kostnað í för með sér hjá fyrirtækjum í Evrópu næstu misseri. Líkur á að reglubreytingar hafi aukinn kostnað í för með sér næstu árin eru metnar sem miðlungs og afleiðingar metnar sem miðlungs.


Ólíklegt er talið að LSR muni sitja uppi með strandaðar eignir vegna skráðra fjárfestinga, enda eru skráðar fjárfestingar jafnan auðseljanlegar. LSR er að auki með góðan aðgang að upplýsingum um skráð innlend félög. Mestar líkur eru á að strandaðar eignir dagi upp í eignasöfnum framtakssjóða sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Innlendir og erlendir framtakssjóðir eru um 9% af heildareignum LSR. Sé gert ráð fyrir að um 20% þeirra fjárfestinga endi sem strönduð eign væri það um 1,8% af heildareignum LSR. Áhrif eru því metin sem miðlungs en líkurnar taldar litlar.

Vegna umbreytingaráhættu í tengslum við stjórnarhætti fyrirtækja geta breytingar á stefnu og forgangsörðun loftslagsaðgerða leitt til mikillar óvissu hjá fyrirtækjum og orðið til þess að aðlögun taki lengri tíma en ella. Umbreytingaferli fyrirtækja í samræmi við lággögnahagkerfi verður að samræmast væntingum markaðar vegna umbreytinga sem og langtímahagvæmni þess. Pólitísk áhrif geta haft veruleg áhrif á stjórnarhætti og því hafa til að mynda stefnubreytingar vegna loftslagsmála í Bandaríkjunum verið skoðaðar sérstaklega. Jafnvel þótt stór hluti erlendra eigna LSR sé skráður í Bandaríkjunum, eða 28% af heildareignum sjóðsins, eru bæði áhættulíkur og afleiðingar metnar sem litlar út frá seljanleika eigna.

Atvinnugreinaskipting
erlendra hlutabréfa
í söfnum LSR



Atvinnugreinaskipting
innlendra hlutabréfa
í söfnum LSR



Félagslegir þættir



S1 Mannauður


S1

LSR leggur áherslu á jafnrétti í starfsemi sinni og setur heilbriggt og öruggt starfsumhverfi í forgang. Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel í starfi, bæði hvað varðar starfsumhverfi og starfsanda, auk þess að samhugur, samstarf og gagnkvæm virðing ríki milli starfsfólks. Mannréttindi eru grundvallarréttindi og er áhersla lögð á að allt starfsfólk LSR sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra. Mannauðsstefnu sjóðsins er m.a. ætlað að vera hvatning jafnt fyrir starfsfólk og stjórnendur til þess að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

SBM-3

Áhrif, áhætta og tækifæri

Áhrif, áhætta og tækifæri sem voru metin til áhrifamikilvægis og fjárhagslegs mikilvægis eru tilgreind hér að framan ásamt þeim skýringakröfum sem gefa innsýn í framkvæmd á sjálfbærnistefnu sjóðsins og helstu áherslum og aðgerðum sem sjóðurinn tileinkar sér. Innan S1-Mannauðs eru helstu raunverulegu jákvæðu áhrif sjóðsins í tengslum við jafnrétti, velferð og öryggi starfsfólks sem og í starfsumhverfi. Nánar er fjallað um þessa þætti í skýringakröfum hér að neðan. Hugsanleg neikvæð áhrif eru til staðar í tengslum við heilsu og öryggi starfsfólks en nánar er fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir sem sjóðurinn hefur ráðist í ef slík tilvik koma upp. Ekki hafa verið tilgreindir áhættuþættir vegna starfsfólks en sjóðurinn framkvæmir árlegar starfsánægjukannanir ásamt því að eiga í reglulegum samtölum við starfsfólk sjóðsins til að stýra mögulegum áhættuþáttum. Tækifæri sjóðsins felast í virku samtali við starfsfólk sitt og nýtingu greininga sem framkvæmdar eru á starfsumhverfi til úrbóta fyrir starfsemina. Stefnur sjóðsins í tengslum við mannauð ýta undir ábyrga starfshætti og veita starfsfólki góða yfirsýn yfir áherslur sjóðsins í mannauðsmálum.



1

Jafnlaunastefna

Stefna LSR um að greiða skuli sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Jafnréttisáætlun er liður í starfsmannastefnu sjóðsins þar sem áhersla er lögð á að allt starfsfólk sé metið að verðleikum og njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum. Því er starfsfólki ekki mismunað á grundvelli ómálefnaðra þátta.

2

Starfskjarastefna

Ætlað að styðja við traustan rekstur og markmið sjóðsins um ábyrga starfshætti og vönduð vinnubrögð þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi. Starfskjarastefnunni er ætlað að styðja við að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður skipaður hæfu starfsfólki.

3

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Byggir á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr.150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og öðrum reglugerðum settum samkvæmt þeim, ásamt þeim fyrirbyggjandi aðgerðum sem sjóðurinn hefur tileinkað sér.

4

Fræðslustefna

Miðar að því að starfsfólk geti nýtt hæfileika sína í starfi til fulls hverju sinni, með því að sjá til þess að starfsfólk eigi kost á fræðslu og þjálfun sem eykur færni þeirra og ánægju í starfi.

5

Stefna um vinnuvernd

Til að tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem virðing er borin fyrir einstaklingum og starfi þeirra. Með heilsusamlegu umhverfi er bæði vísað til líkamlegs og andlegs heilbrigðis.

6

Mannauðsstefna


Tekur mið af því lykilhlutverki sjóðsins að starfsfólk tileinki sér ábyrga starfshætti, með vönduðum vinnubrögðum, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi.

7

Starfslokastefna

Tilgreinir þá þætti sem hafðir eru til hliðsjónar við starfslok starfsfólks þar sem virðing, sveigjanleiki og stuðningur er hafður að leiðarljósi.

S1-2 Samskipti



S1-4 Starfsánægja

Árlega er framkvæmd starfsánægjukönnun meðal starfsfólks sjóðsins þar sem könnuð er starfsánægja út frá tilteknum matsflokkum. Niðurstöður eru nýttar í greiningu áhættumats meðal starfsfólks auk þess sem þær gefa góða innsýn í starfsmannamál sjóðsins og veita vísbendingar um hvar gera megi úrbætur. Matsflokkarnir eru alls níu talsins og snúa spurningarnar meðal annars að stjórnunarháttum, vinnuumhverfi starfsfólks, ímynd sjóðsins og öðrum þáttum.



S1-3 Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum

LSR hefur sett sér stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi þar sem lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og starfsfólk hvatt til að tilkynna ef slík tilvik eiga sér stað. Í stefnunni er m.a. tilgreint hvernig starfsfólk skuli bera sig að við slíka tilkynningu og hvaða viðbragðsáætlun fari í gang. Heilsa og öryggi starfsmanna er einnig sjóðnum hugleikið en stefna um vinnuvernd tilgreinir þá þætti sem tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi.

S1-5 Stýring áhrifa

Niðurstöður starfsánægjukannana eru nýttar til að greina neikvæð áhrif, efla jákvæð áhrif sem og fyrirbyggja mögulega áhættu sem kann að leiða af óánægju starfsfólks. Einnig er horft á niðurstöðurnar sem góðan grunn til frekara samtals við starfsfólk sjóðsins og þær nýttar til að greina hvar tækifæri liggja til úrbóta. Þannig veita starfsánægjukannanirnar stjórnendum sjóðsins innsýn í starfsemina út frá sjónarmiðum starfsfólksins og nýtast til áframhaldandi stefnumótunar.

S1-6


S1-8

S1-9

Kynjahlutfall og jafnræði


Aldurssamsetning starfsfólks

20-29 ára	7%	50-59 ára	32%
30-39 ára	25%	>60 ára	7%
40-49 ára	29%		




Aldurssamsetning stjórnar

20-29 ára	0%	50-59 ára	38%
30-39 ára	0%	>60 ára	25%
40-49 ára	38%		



Aldurssamsetning stjórnenda

20-29 ára	0%	50-59 ára	40%
30-39 ára	30%	>60 ára	0%
40-49 ára	30%		



Kynjahlutfall starfsfólks og stjórnar

Starfsfólk LSR

82,5% 17,5%

Stjórn LSR

50% 50%

Konur
Karlar

S1-10

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna sjóðsins nær til allra starfsmanna sjóðsins og er órjúfanlegur hluti af starfsmanna- og starfskjarastefnu sjóðsins. Sjóðurinn skuldbindur sig til að fylgja lögum og öðrum kröfum sem tengjast launajafnrétti. Við ákvörðun launa skal þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsfólki skulu greidd jöfn laun og sömu kjör skal veita fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun eru í 9. tölul. 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfskrafti fyrir vinnu. Kjör eru í 10. tölul. 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. jafnréttislaga er starfsfólki ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.

S1-11

Réttur starfsfólks



Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kjarasamninga

98,5%



Hlutfall starfsfólks sem nýtti sér heilsu- og líkamsræktarstyrk

81%



Hlutfall starfsfólks sem nýtti sér samgöngustyrk

15,9%



Hlutfall starfsfólks í stéttarfélögum

98,5%

S1-13

Fræðsla og þróun

Það er stefna LSR að hjá sjóðnum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Fræðslustefna sjóðsins miðar að því að starfsfólk geti nýtt hæfileika sína í starfi til fulls hverju sinni, með því að sjá til þess að starfsfólk eigi kost á fræðslu og þjálfun sem eykur færni þess og ánægju í starfi. Litið er á það sem samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks að sjá til þess að hver starfsmaður fái viðeigandi þjálfun og fræðslu til að takast á við dagleg verkefni, undirbúa sig fyrir framtíðarverkefni og hlúa að starfsþróun sinni. Fyrir hvert ár er gefin út fræðsluáætlun starfsfólks þar sem kynnt eru námskeið sem verða það árið, en þau námskeið ná yfir starfsmannafundi, reglubundna fræðslu og skyldunámskeið. Starfsfólk LSR sótti alls 42 slík námskeið/fræðslufundi á árinu 2024. Allt starfsfólk sótti 16 námskeið/fræðslufundi og að auki var ein nýliðakynning haldin í mars 2024. Einnig sækir starfsfólk LSR fjölmörg námskeið sem styðja við færni í starfi sem haldin eru af þriðja aðila sem ekki eru talin upp hér.

S1-14

Heilsa og öryggi

Heilsa og öryggi starfsfólks	Eining	2024
Slys á vinnustað og til og frá vinnu	Fjöldi	0
Heilsu- og öryggisstefna	Já/Nei	Já
Tilvik skráðra vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0
Fjöldi daga sem tapast vegna vinnutengdra veikinda og dauðsfalla	Fjöldi	0
Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kerfi fyrir heilsu og öryggi á vinnustað	%	100

S1-15 Jafnvægi vinnu og einkalífs

Starfsfólki er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið og þörf er á. Starfsfólk, óháð kyni, skal njóta sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum. Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuaðstæður og fleiri slíka þætti sem fram koma í 4. mgr. 19. gr. jafnréttislaga. Leitast skal við að halda yfirvinnu starfsfólks innan eðlilegra marka. Þegar skipulagt er sameiginlegt félagslíf starfsfólks skal gert ráð fyrir þátttöku maka og/eða barna þegar það á við. Árlega eru teknir út yfirvinnutímar starfsfólks og skoðað er sérstaklega ef frávik eru frá skilgreindum vinnutíma.

S1-16 Launamælikvarðar

LSR skuldbindur sig til að greiða sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Ef horft er til meðaltals á heildarlaunum karla sem hlutfalls af meðaltali á heildarlaunum kvenna má sjá að munur er á meðallaunum. Það skýrist helst af því að hjá sjóðnum starfa einungis 11 karlar en þar af gegna fjórir sviðsstjórástöðu hjá sjóðnum.

Launahlutfall	Eining	2024
Laun framkvæmdastjóra sem hlutfall af meðallaunum starfsfólks í fullu starfi	X:1	2,12
Laun stjórnenda sem hlutfall af meðallaunum starfsfólks í fullu starfi	X:1	1,57
Meðaltal heildarlauna karla sem hlutfall af meðaltali heildarlauna kvenna	X:1	1,52

S1-17 Atvik og kvartanir

Árið 2024 voru engin skráð atvik, kvartanir eða alvarleg atvik tengd mannréttindabrotum innan starfsemi LSR.

S3 Samfélag

S3

Mikilvægt er fyrir sjóðinn sem langtímafjárfesti að huga að áhrifum fjárfestinga sinna á samfélagið. Þótt eigin rekstur sjóðsins (umfang 1 og 2) hafi ekki bein áhrif á samfélagið, hafa fjárfestingaákvörðanir hans (umfang 3) óbein áhrif, bæði þegar kemur að ákveðnum atvinnugreinum, landsvæðum og samfélaginu í heild og því er mikilvægt að sjóðurinn stuðli að ábyrgri og sjálfbærri fjárfestingarstefnu. Með því að greina samfélagsleg áhrif, áhættu og tækifæri getur sjóðurinn stuðlað að jákvæðum áhrifum, dregið úr neikvæðum afleiðingum og varið langtímaávöxtun sjóðfélaga.

SBM-3 Áhrif, áhætta og tækifæri

LSR leitast við að vera ábyrgur fjárfestir sem stuðlar að góðum stjórnarháttum og leggur áherslu á samfélagsleg gæði, stöðugleika og fjölbreytni við fjárfestingaákvörðanir sínar. Þegar fjárfest er til langs tíma er mikilvægt að þau félög sem fjárfest er í séu vel rekin, bæti rekstur sinn stöðugt yfir fjárfestingartímann og stuðli að bæði eigin ábata og samfélagsins með sjálfbærum rekstri. Helstu jákvæðu samfélagsáhrif sjóðsins felast í ábyrgri starfsemi og upplýsingagjöf. Tækifærin felast helst í uppbyggingu innviða sem og því að stuðla að sjálfbærara samfélagi með fjárfestingum sjóðsins í samræmi við langtímastefnu hans.



Við mat á fjárfestingum eru greind möguleg neikvæð áhrif sem fjárfestingin kann að hafa á samfélög, með hliðsjón af sjálfbærni- og fjárfestingarstefnu sjóðsins. LSR vill vera drifkraftur jákvæðra breytinga fyrir samfélagið og hefur með hliðsjón af því mótað sér verklag um ábyrgar fjárfestingar. Sjóðurinn gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem hann fjárfestir í starfi í samræmi við samfélagsleg gildi, viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og sýni ábyrgð í umhverfismálum. LSR er meðlimur UN PRI - viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI - Principles for Responsible Investment) og hefur sjóðurinn þar með skuldbundið sig til að horfa til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS) við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Principles for Responsible Investment eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

Meginreglur PRI



S3-1

Stefnur

1

Sjálfbærnistefna

Lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn tileinkar sér þær áherslur í starfsemi sinni. Stefnan tekur til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum sínum.

2

Áhættustefna

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að uppfylla skyldur sínar sem yfirstjórn sjóðsins. Í áhættustefnu er áhættuvilji stjórnar skilgreindur og tekur fjárfestingarstefna sjóðsins mið af honum. Áhættustefna og fjárfestingarstefna mynda þannig saman umgjörð sem miðar að því að sjóðurinn nái markmiðum sínum með hliðsjón af aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

3

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett árlega til fimm ára í senn. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til fjölmargra þátta, m.a. þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamörkuðum, áhættuvilja og áhættupoli sjóðsins sem og þróun á væntu framtíðargreiðsluflæði og aldurssamsetningu sjóðfélaga.

4

Eigendastefna

Eigendastefna LSR markar stefnu sjóðsins sem fjárfestis út á við. Hún styður við starfsemi sjóðsins þegar hann rækir framangreint hlutverk. Þá auðveldar stefnan þeim aðilum sem sjóðurinn fjárfestir í, eða sækjast eftir fjárfestingu hans, að gera sér grein fyrir því hvers má vænta af LSR sem fjárfesti.

S3-2

Samskipti


Sjóðurinn er að jafnaði tiltölulega stór fjárfestir á innlendum hlutabréfamarkaði. Slíku eignarhaldi fylgir ábyrgð og horfir sjóðurinn til þess að hafa jákvæð áhrif í þeim félögum sem hann fjárfestir í, hvort heldur með beinni aðkomu sem hluthafi eða með því að styðja við sjónarmið stjórnenda eða annarra hagaðila. Með því að vera virkur og ábyrgur fjárfestir vill LSR stuðla að jákvæðum breytingum og sjálfbæru samfélagi í gegnum fjárfestingar sínar.

S3-3

Boðleiðir

LSR hefur sett reglur um vernd uppljóstrara með það að markmiði að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi hjá LSR sé hún til staðar. Jafnframt tryggja reglurnar vernd fyrir þann aðila sem upplýsir eða tilkynnir um slíka háttsemi.

Verkferlar



Ráðstöfun atkvæða 2024

31 aðalfundir voru sóttir á árinu 2024 vegna rekstrarárs 2023



Úr eigendastefnu LSR

„Hafi stjórn félags gert viðhlítandi grein fyrir tillögum sínum og hvernig þær tryggja hagsmuni hluthafa til lengri tíma greiðir LSR almennt atkvæði með þeim“.

S3-5

Aðgerðir vegna áhrifa

Út frá skilgreindu verklagi sjóðsins höfum við mótað aðgerðir til að bregðast við mikilvægum áhrifum ásamt stýringu á helstu áhættuþáttum. LSR leitast við að hafa góða yfirsýn inn í starfsemi fyrirtækja til að styrkja bæði stýringu eignasafns sem og stuðla að virku eignarhaldi.

S3-6

Nálgun til að draga úr áhættu

LSR leggur sitt af mörkum til samfélagsins með því að stuðla að ábyrgum starfsháttum og traustum verkferlum. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á virkt eignarhald. Reglulega eru sóttir hluthafafundir í skráðum og óskráðum innlendum félögum. Í aðdraganda slíkra funda á sjóðurinn fundi og samtöl við tilnefningarnefndir, stjórnendur og stjórnarmenn félaga, eftir atvikum. Í samræmi við eigendastefnu LSR birtir sjóðurinn yfirlit yfir beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum skráðra hlutafélaga á heimasíðu sinni í kjölfar hvers fundar. Einnig er lögð áhersla á uppbyggileg samtöl við fulltrúa þeirra félaga og sjóða sem fjárfest hefur verið í, hvort sem er á innlendum markaði eða erlendum. Öll frávik frá stefnu félaga og sjóða eru skoðuð sérstaklega til að draga úr áhættuþáttum. Með eftirfylgni á þróun UFS-mála í eignasafni lágmarkar sjóðurinn UFS-tengda áhættu sem kann að hafa áhrif á ávöxtun tiltekinnar fjárfestingar.

S4 Neytendur og endanotendur

S4

Sjóðurinn skuldbindur sig til að stuðla að gagnsæi, sanngirni og langtímaverðmætasköpun fyrir sjóðfélaga og tryggja að hagsmunum þeirra sé gætt í hvívetna. Með því að fylgja eftir ábyrgri fjárfestingastefnu, tryggja skýra og aðgengilega upplýsingagjöf og stuðla að virku samtali við sjóðfélaga leitast sjóðurinn við að efla traust, styðjast við upplýsta ákvarðanatöku og tryggja að starfsemi sjóðsins þjóni þörfum og væntingum þeirra sem á henni byggja. Með þessu móti vill sjóðurinn skapa stöðugleika og öryggi fyrir sjóðfélaga til lengri tíma lítið.

SBM-3

Áhrif, áhætta og tækifæri

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga hjá LSR er um 32.000 en meðalfjöldi lífeyrisþega er u.þ.b. 26.000. Helstu skyldur og ábyrgð sjóðsins er að veita sjóðfélögum góða ávöxtun en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er, en með því stuðlar sjóðurinn að fjárhagslegri velferð sjóðfélaga sinna. Til að ná þessu marki er eignasamsetning ákveðin samkvæmt fyrirframmótaðri fjárfestingarstefnu, eignir tryggðar sem best og vandað til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. LSR leggur áherslu á gagnaöryggi og persónuvernd í starfsemi sjóðsins, þar sem gögn og aðrar upplýsingar séu eins vel varin og kostur er og í fyllsta samræmi við fyrirmæli stjórnvalda, laga og reglugerða. Til að lágmarka áhættu starfar sjóðurinn eftir upplýsingaöryggisstefnu sem tekur mið af kröfum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um upplýsingaöryggi á hverjum tíma. Stefna þessi tekur til allrar starfsemi LSR og nær til umgengni og vistunar upplýsinga sjóðsins á hvaða formi sem er og á hvaða miðli sem er. Stefnan nær til samskipta starfsfólks, samstarfsaðila, viðskiptavina og birgja. Hún nær einnig til hvers konar skráningar, vinnslu, samskipta, dreifingar, geymslu og eyðingar upplýsinga í eigu LSR. Stefnan tekur jafnframt til þess húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða varðveittar.



1

Sjálfbærnistefna

Lýsir megináherslum sjóðsins varðandi sjálfbærni og hvernig sjóðurinn tileinkar sér þær áherslur í starfsemi sinni. Stefnan tekur til innri starfsemi sjóðsins og einnig til þess hvernig sjóðurinn lítur til sjálfbærni í fjárfestingum sínum.

2

Upplýsingaöryggisstefna

Markmið stefnunnar er að vernda upplýsingar LSR á skilvirkan hátt ásamt því að tryggja samfelldan rekstur og lágmarka rekstraráhættu. Áhersla er lögð á að varðveita leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga LSR þannig þær nýtist sem best í starfsemi sjóðsins og að öryggi upplýsinga sé óaðskiljanlegur hluti starfseminnar.

3

Skjala- og upplýsingastefna

LSR ber ábyrgð á og varðveitir þau gögn er myndast í starfsemi sjóðsins. Áhersla er lögð á markvissa notkun gagna í allri starfseminni til að styðja við stefnu sjóðsins um ábyrga starfshætti, vönduð vinnubrögð, fagmennsku, frumkvæði og fyrirmyndarþjónustu.

4

Þjónustustefna

Markmið stefnunnar er að vera vegvísir starfsmanna LSR í öllum samskiptum við sjóðfélaga, viðskiptavini, launagreiðendur og aðra hagsmunaaðila sjóðsins. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig veitir LSR sjóðfélögum örugga samfylgd með skilvirkum hætti.

5

Vefstefna

Segir til um hvernig veittar eru allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustu sjóðsins sem og greinargóðar upplýsingar um rekstur og starfsemi hans. Lögð er áhersla á að einfalda framsetningu efnis og að efnistöð skuli miðast við sjónarhorn sjóðfélaga.

6

Persónuverndarstefna

Með henni er greint frá því hvernig LSR stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um sjóðfélaga sína og einstaklinga sem heimsækja heimasíðu sjóðsins, hvort sem persónuupplýsingarnar eru geymdar rafrænt, á pappír eða með öðrum hætti.

7

Áhættustefna

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að uppfylla skyldur sínar sem yfirstjórn sjóðsins. Í áhættustefnu er áhættuvilji stjórnar skilgreindur og tekur fjárfestingarstefna sjóðsins mið af honum. Áhættustefna og fjárfestingarstefna mynda þannig saman umgjörð sem miðar að því að sjóðurinn nái markmiðum sínum með hliðsjón af aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

8

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett árlega til fimm ára í senn. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til fjölmargra þátta, m.a. þróunar á efnahagsumhverfi og verðbrefamörkuðum, áhættuvilja og áhættuþoli sjóðsins sem og þróun á væntu framtíðargreiðsluflæði og aldurssamsetningu sjóðfélaga.

S4-2

Samskipti

Lögð er áhersla á að stjórn LSR endurspegli fulltrúa sjóðfélaga og annarra hagsmunaaðila. Sjóðfélagar eiga fulltrúa í gegnum fjármálaráðherra sem skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB sem skipar tvo, stjórn BHM sem skipar einn og stjórn KÍ sem skipar einn stjórnarmann. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn. Árlega er haldinn ársfundur LSR sem opinn er öllum sjóðfélögum og launagreiðendum til að tryggja samtal milli sjóðfélaga og LSR. Upplýsingum til sjóðfélaga er komið á framfæri á vefsvæði sjóðsins, á rafrænu formi sem og í ársskýrslu og öðrum opinberum gögnum sjóðsins. Einnig er fyrirspurnum sjóðfélaga svarað í formi tölvupóstsamskipta sem og í síma.

S4-3

Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum

LSR hefur sett reglur um vernd uppljóstrara með það að markmiði að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi hjá LSR, sé hún til staðar. Jafnframt tryggja reglurnar vernd fyrir þann aðila sem upplýsir eða tilkynnir um slíka háttsemi. Með setningu slíkra reglna má koma í veg fyrir að slík hegðun haldi áfram eða stigmagnist og draga úr fjárhagslegum og félagslegum skaða.

S4-4

Aðgerðir vegna áhrifa

Hjá LSR starfar áhættustýring sem hefur eftirlit með áhættu eignasafns LSR sem kann að hafa áhrif á sjóðfélaga og starfsemi LSR. Núverandi stefnum og reglum LSR er ætlað að draga úr áhættu sem tengist starfsemi sjóðsins og tryggja hag sjóðfélaga. Horft er til utanaðkomandi áhrifa og afleiðinga á eignasafn sjóðsins, þar á meðal sviptinga á mörkuðum og reksturs fyrirtækja. Fjárfestingastefnu LSR er ætlað að tryggja virka áhættudreifingu milli fjárfestingaflokka, atvinnugreina og heimshluta til að jafna sveiflur og skila sjóðfélögum stöðugri ávöxtun til lengri tíma litið. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar sem horfa áratugi fram í tímann í sinni starfsemi og því er það skylda LSR að leita ávallt jafnvægis milli hagvaxtar, umhverfis, félagslegrar velferðar og ábyrgra stjórnarhátta. Það á við um daglegan rekstur sjóðsins, en ekki síður um áherslur hans í fjárfestingum. Það er trú sjóðsins að sjálfbær rekstur og sjálfbær nýting auðlinda sé grundvallaratriði í fjárhagslegri velgengni félaga í rekstri. Því horfir sjóðurinn til sjálfbærnitengdra þátta í starfsemi þeirra félaga sem fjárfest er í og styður með því við virðissköpun til lengri tíma litið og takmarkar áhættu í eignasafni sjóðsins.

S4-5

Stýring áhrifa

Fjárfestingarstefna LSR miðar að því að ná sem hagkvæmastri ávöxtun eignasafnsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum sjóðsins og hámarka réttindi sjóðfélaga í samræmi við áhættuvilja stjórnar. Fjárfestingarstefnan skilgreinir ákveðin fjárfestingarmarkmið fyrir hvern eignaflokk í safni sjóðsins ásamt leyfilegum vikmörkum. Þau miðast við lykilmælikvarða í áhættustefnu, sem marka ramma um áhættuvilja stjórnar. Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir því mikilvægu hlutverki í áhættustýringu hans. Eftirlit með framfylgni fjárfestingarstefnu er í höndum áhættustýringar LSR, sem m.a. reiknar daglega út stöðu eignasafnsins og ber saman við skilgreind vikmörk í stefnu sjóðsins. Áhættustýring tilkynnir sviðsstjóra eignastýringar og framkvæmdastjóra tafarlaust um þau tilvik þar sem fjárfestingar nálgast eða fara fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt fjárfestingarstefnu. Slík frávik eru tilkynnt til stjórnar LSR að minnsta kosti ársfjórðungslega og tafarlaust ef þurfa þykir. Fari fjárfesting lífeyrissjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum er það tilkynnt án tafar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ásamt áformum um viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.

Stjórnarhættir



G1 Viðskiptasiðferði

G1

Góðir stjórnarhættir eru grunnstoð í rekstri LSR og tryggja faglega, gagnsæja og ábyrga meðferð á fjármunum sjóðfélaga. Með skýru regluverki ásamt ábyrgu og virku eftirliti stuðla góðir stjórnarhættir að trausti, draga úr áhættu og styrkja langtímaafkomu sjóðsins. Það er því lykilatriði að stjórnun sjóðsins byggji á viðurkenndum meginreglum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði.

SBM-3

Áhrif, áhætta og tækifæri


Siða- og samskiptareglum LSR er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra og óæskilega viðskiptahætti. Stjórn LSR og starfsfólk gerir sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins. Í ábyrgðinni felst m.a. að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskiptasiðferði. Starfsemi sjóðsins felur m.a. í sér samskipti starfsfólks við ytri aðila, svo sem aðila á fjármálamarkaði, útgefendur verðbréfa og seljendur þjónustu. Mikilvægt er að öll samskipti starfsfólks við ytri aðila séu ávallt í samræmi við lög og gott viðskiptasiðferði. Stjórn og starfsfólk skulu vinna gegn mútum, kúgun, fjársvikum og annarri spillingu. Lögð er áhersla á gagnsæi og heiðarleika í viðskiptum til að koma í veg fyrir hvers konar spillingu.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans. Sjóðurinn gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfi, auk þess sem starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda.

GOV-1

Hlutverk stjórnenda og eftirlit

Starfsemi LSR fer fram á þremur sviðum: eignastýringu, lífeyrissviði og lánasviði. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og stafræn þróun og rekstur. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.



1

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett árlega til fimm ára í senn. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til fjölmargra þátta, m.a. þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamörkuðum, áhættuvilja og áhættuþoli sjóðsins sem og þróun á væntu framtíðargreiðsluflæði og aldursamsetningu sjóðfélaga.

2

Eigendastefna

Eigendastefna LSR markar stefnu sjóðsins sem fjárfestis út á við. Hún styður við starfsemi sjóðsins þegar hann rækir framangreint hlutverk. Þá auðveldar stefnan þeim aðilum sem sjóðurinn fjárfestir í, eða sækjast eftir fjárfestingu hans, að gera sér grein fyrir því hvers má vænta af LSR sem fjárfesti.

3

Áhættustefna

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að uppfylla skyldur sínar. Í áhættustefnu er áhættuvilji stjórnar skilgreindur og tekur fjárfestingarstefna sjóðsins mið af honum. Áhættustefna og fjárfestingarstefna mynda þannig saman umgjörð sem miðar að því að sjóðurinn nái markmiðum sínum með hliðsjón af aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

4

Skjala- og upplýsingastefna

LSR ber ábyrgð á og varðveitir þau gögn er myndast í starfsemi sjóðsins. Áhersla er lögð á markvissa notkun gagna í allri starfseminni til að styðja við stefnu sjóðsins um ábyrga starfshætti, vönduð vinnubrögð, fagmennsku, frumkvæði og fyrirmyndarþjónustu.

5

Útvistunarstefna

Tekur mið af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Útvistun hjá LSR skal hagað á þann hátt að hún samræmist þeim lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og viðmiðum sem um starfsemi LSR gilda.

6

Siða- og samskiptareglur

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra og óæskilega viðskiptahætti. Stjórn LSR og starfsfólk gera sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins. Í ábyrgðinni felst m.a. að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggi á góðu viðskiptasiðferði.

LSR viðhefur góða stjórnarhætti, stuðlar að traustum samskiptum og leggur áherslu á hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í starfsemi sjóðsins. Sjóðurinn varðveitir gögn og upplýsingar með öruggum hætti ásamt því að leggja áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Stjórn LSR hefur sett sér starfsreglur sem hún starfar eftir og er þeim ætlað að styðja við góða stjórnarhætti í starfsemi sjóðsins. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi og er í starfsreglunum kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera ráðstafanir sem eru til þess að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

G1-2 **Birgjar og þjónustuaðilar**

Útvistun hjá LSR samræmist þeim lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og viðmiðum sem um starfsemi LSR gilda. Framkvæmdastjóri eða eftir atvikum stjórn tekur ákvörðun um hvaða verkefnum skuli útvistað. Áður en ákvörðun um útvistun er tekin skal sjóðurinn greina þarfir m.t.t. útvistunar, ásamt því að meta hæfi og þekkingu útvistunaraðila. Áður en slík ákvörðun er tekin skal LSR jafnframt meta hvaða áhrif útvistun hefur á starfsemi sjóðsins, þ. á m. hvort að hún kunni að leiða til lakari gæða, þjónustu eða öryggis. Ákvörðun um útvistun skal byggð á faglegum forsendum og skal gætt að því að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar. Gæta skal sérstakrar varkárni við útvistun mikilvægra verkefna. Jafnframt skal ekki útvista verkefnum sem lúta að grundvallar stjórnunarþáttum í rekstri sjóðsins. Með grundvallar stjórnunarþáttum er átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka. Stjórnunarverkefnum á borð við stefnumörkun og reglusetningu LSR m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar ásamt eftirlitshlutverki stjórnar verður ekki útvistað. Endanleg ábyrgð á framkvæmd allra útvistaðra verkefna og þeirri áhættu sem þeim kann að fylgja hvílir ávallt á sjóðnum. Varðandi samskipti við birgja og þjónustuaðila er vísað til siða- og samskiptareglna sjóðsins.

G1-3 **Ráðstafanir og eftirlit**

LSR hefur sett sér siða- og samskiptareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra og óæskilega viðskiptahætti. Í reglunum kemur fram að stjórn og starfsfólk skuli vinna gegn mútum, kúgun, fjársvikum og annarri spillingu. Samkvæmt reglunum er meginreglan sú að starfsfólk og stjórnarmenn skuli ekki þiggja gjafir eða boð af þjónustuaðilum eða viðskiptavinum sjóðsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skuli ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Það sama á við um starfsfólk sjóðsins nema samþykki framkvæmdastjóri liggi fyrir, enda sé um sérstök tilvik að ræða. Í reglunum kemur jafnframt fram að starfsfólk sem verður vart við brot á reglunum getur tilkynnt það til framkvæmdastjóra sjóðsins, stjórnarformanns eða formanns endurskoðunarnefndar.

G1-4 **Spilling og mútur**

Árið 2024 voru engin tilvik um spillingu og mútur eða önnur brot á verklagsreglum sjóðsins.

Stjórnarhættir

Kaupaukar og starfskjarastefna	Eining	2024
Árangurstengd laun	Já/nei	
Jafnlaunavottun	Já/nei	

Birgjar og þjónustuaðilar

Siða- og samskiptareglur sem birgjum ber að fylgja	Já/nei	
Horft til umhverfislegra þátta við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	
Horft til félagslegra þátta við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	
Horft til stjórnarháttanna við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	

Spilling og mútur

Sjóðurinn hefur mótað og birt siða- og samskiptareglur sjóðsins	Já/nei	
Siðareglur hafa verið samþykktar af stjórn	Já/nei	
Stefna gegn spillingu og mútum	Já/nei	
Stefna gegn peningaþvætti	Já/nei	

Virkt eignarhald

Birting atkvæða frá hluthafafundum	Já/nei	
Eigendastefna sem ber að fylgja	Já/nei	

Já Nei

Skýringarkröfur - Almenn upplýsingaskylda

ESRS 2	Almenn upplýsingaskylda	Bls.
BP-1	Almennar upplýsingakröfur	6
BP-2	Upplýsingar í tengslum við ákveðnar kringumstæður	6
GOV-1	Hlutverk stjórnenda, framkvæmdastjórnar og eftirlits innan sjóðsins	7
GOV-2	Upplýsingar sem veittar eru stjórnendum, framkvæmdastjórn og eftirliti sjóðsins og sjálfbærniþættir sem þau fjalla um	7
GOV-3	Sambætting á sjálfbærnitengdri frammistöðu hvatakerfis	7
GOV-4	Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun og eftirlit í tengslum við sjálfbærniupplýsingar	8
GOV-5	Áhættustýring og innra eftirlit með sjálfbærnisráðgjöf	8
SBM-1	Stefna, viðskiptalíkan og virðiskeðja	9
SBM-2	Hagsmunir og skoðanir hagaðila	10
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	12
IRO-1	Lýsing á ferli til að greina og meta mikilvæg áhrif, áhættu og tækifæri	16
IRO-2	Skýringarkröfur ESRS sem fjallað er um í sjálfbærnisráðgjöf sjóðsins	44

E1	Loftslagsbreytingar	Bls.
E1-1	Umbreytingaráætlun í tengslum við mildun loftslagsbreytinga	21
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	19
IRO-1	Lýsing á ferli til að greina og meta mikilvæg áhrif, áhættu og tækifæri	44-53
E1-2	Stefnur í tengslum við mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum	22
E1-3	Aðgerðir í tengslum við stefnu um loftslagsbreytingar	22
E1-4	Markmið í tengslum við mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum	24
E1-6	Losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1, 2 og 3 og samanlögð losun	24
E1-9	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif á raunlægri áhættu og umbreytingaráhættu og möguleg loftslagstengd tækifæri	25

Umhverfislegir þættir - mælikvarðar

Eining		2024
Loftslagstengt eftirlit		
Loftslagsáhættumat	Já/nei	Já
Úrgangur		
Samtals úrgangur	Kg	3.637
Þar af flokkaður úrgangur	Kg	3.637
Þar af óflokkaður úrgangur	Kg	0
Endurunnið	Kg	2.218
Urðun/förgun	Kg	4
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	100
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	61
Losun GHG umfang 3		
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	tCO ₂	0,99
Flokkur 6: Viðskiptaferðir (flug)	tCO ₂	5,55
Flokkur 15: Fjármögnuð losun (73% af innlendu eignasafni)	tCO ₂	113.201


Eining		2024
Losun		
Umfang 1 og 2	tCO ₂ i/ISKm	1,68
Umfang 3	tCO ₂ i/ISKm	118.756
Losunarkræfni		
Fasteignalán	tCO ₂ i/ISKm	0,00
Hlutabréf		
Skráð innlend hlutabréf	tCO ₂ i/ISKm	0,19
Óskráð hlutabréf	tCO ₂ i/ISKm	0,56
Skuldabréf		
Ríkisskuldabréf (með LULUCF)	tCO ₂ i/ISKm	2,96
Ríkisskuldabréf (án LULUCF)	tCO ₂ i/ISKm	1,09
Skuldabréf óskráðra félaga	tCO ₂ i/ISKm	0,02
Skuldabréf skráðra félaga	tCO ₂ i/ISKm	0,13
Vatnsnotkun		
Heitt vatn	M ³	8.040
Samtals vatnsnotkun	M ³	8.375

S1	Mannauður	Bls.
SBM-2	Hagsmunir og skoðanir hagaðila	10
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	27
S1-1	Stefnur í tengslum við mannauð	28
S1-2	Ferlar í tengslum við samskipti við starfsfólk og fulltrúa starfsfólks um áhrif	29
S1-3	Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum og boðleiðir fyrir mannauð til að koma ábendingum á framfæri	29
S1-4	Aðgerðir til að bregðast við efnislega mikilvægum áhrifum á eigið starfsfólk og nálganir til að draga úr áhættu, sækja tækifæri og árangur þessara aðgerða	29
S1-5	Markmið tengd stýringu neikvæðra áhrifa, að efla jákvæð áhrif og stýringu áhættu og tækifæra	29
S1-6	Samsetning mannauðs	30
S1-8	Starfsfólk í stéttarfélögum og öðrum hagsmunasamtökum	30
S1-9	Mælikvarðar fjölbreytileika	30
S1-10	Fullnægjandi laun	31
S1-11	Réttur starfsfólks (veikindaréttur, atvinnuleysi, vinnuslys, fæðingarorlof, lífeyrir)	31
S1-13	Mælikvarðar fræðslu og þróunar starfsfólks	31
S1-14	Mælikvarðar heilsu og öryggis	32
S1-15	Mælikvarðar á jafnvægi milli vinnu og einkalífs	32
S1-16	Launamælikvarðar (launamunur og heildarlaun)	32
S1-17	Atvik, kvartanir og alvarleg áhrif tengd mannréttindabrotum	33

Félagslegir þættir – mælikvarðar

Eining		2024
Kynjahlutfall		
Heildarfjöldi stöðugilda	Fjöldi	61
Konur	Fjöldi	50
Karlar	Fjöldi	11
Hlutfall kvenna		
Í fullu starfi	%	87
Hlutfall karla		
Í fullu starfi	%	100
Stjórn		
Konur	Fjöldi	4
Karlar	Fjöldi	4


Eining		2024
Aldurssamsetning stjórnar		
20-29 ára	%	0
30-39 ára	%	0
40-49 ára	%	38
50-59 ára	%	38
>60 ára	%	25



Félagslegir þættir - mælikvarðar

	Eining	2024
Stjórnendur með mannaforráð		
Konur	%	60
Karlar	%	40
Aldurssamsetning stjórnenda		
20-29 ára	%	0
30-39 ára	%	30
40-49 ára	%	30
50-59 ára	%	40
60-69 ára	%	0
Aldurssamsetning alls starfsfólks		
20-29 ára	%	7
30-39 ára	%	25
40-49 ára	%	29
50-59 ára	%	32
60-69 ára	%	7


	Eining	2024
Samsetning starfa - fullt starf		
Konur	%	94
Karlar	%	100



Félagslegir þættir – mælikvarðar


	Eining	2024
Fæðingarorlof		
Fjöldi kvenna sem á rétt á fæðingarorlofi árið 2024	Fjöldi	52
Fjöldi kvenna sem tók fæðingarorlof á árinu	Fjöldi	4
Fjöldi kvenna sem snéru aftur til starfa eftir fæðingarorlof	Fjöldi	1*
Fjöldi karla sem á rétt á fæðingarorlofi árið 2024	Fjöldi	11
Fjöldi karla sem tók fæðingarorlof á árinu	Fjöldi	1
Fjöldi karla sem snéru aftur til starfa eftir fæðingarorlof	Fjöldi	1
Réttindi		
Mannréttindi sem hluti af jafnréttisstefnu	Já/nei	Já
Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kjarasamninga	%	98,5
Fjöldi kjarasamninga	Fjöldi	6
Hlutfall starfsfólks sem nýtti sér heilsu - og líkamsræktarstyrk	%	81
Hlutfall starfsfólks sem nýtti sér samgöngustyrk	%	16
Hlutfall starfsfólks í stéttarfélögum	%	98,5

*Tölfræði miðast við lok árs 2024 - þrjár konur voru enn skráðar í fæðingarorlof



Félagslegir þættir – mælikvarðar

	Eining	2024
Heilsa og öryggi starfsfólks		
Slys á vinnustað og til og frá vinnu	Fjöldi	0
Heilsu- og öryggisstefna	Já/Nei	Já
Tilvik skráðra vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0
Fjöldi daga sem tapast vegna vinnutengdra veikinda og dauðsfalla	Fjöldi	0
Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kerfi fyrir heilsu og öryggi á vinnustað	%	100
Launahlutfall		
Laun framkvæmdastjóra sem hlutfall af meðallaunum starfsfólks í fullu starfi	X:1	2,12
Laun stjórnenda sem hlutfall af meðallaunum starfsfólks í fullu starfi	X:1	1,57
Meðaltal heildarlauna karla sem hlutfall af meðaltali heildarlauna kvenna	X:1	1,52



S3	Samfélag	Bls.
SBM-2	Hagsmunir og skoðanir hagaðila	10
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	34
S3-1	Stefnur í tengslum við samfélag	34
S3-2	Ferlar í tengslum við samskipti við samfélag um áhrif	34
S3-3	Boðleiðir fyrir samfélag til að koma ábendingum á framfæri	35
S3-4	Markmið tengd stýringu neikvæðra áhrifa, að eflingu jákvæðra áhrifa og stýringu áhættu og tækifæra	36
S3-5	Aðgerðir til að bregðast við efnislega mikilvægum áhrifum á samfélag og nálganir til að draga úr áhættu, sækja tækifæri og árangur þessara aðgerða	36
S3-6	Nálgun til að draga úr efnislegri áhættu og sækja tækifæri tengd samfélagi	37
S4	Neytendur og endanotendur	Bls.
SBM-2	Hagsmunir og skoðanir hagaðila	10
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	38
S4-1	Stefnur í tengslum við neytendur og endanotendur	39
S4-2	Ferlar í tengslum við samskipti við neytendur og endanotendur um áhrif	39
S4-3	Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum og boðleiðir fyrir neytendur og endanotendur til að koma ábendingum á framfæri	39
S4-4	Aðgerðir til að bregðast við efnislega mikilvægum áhrifum á samfélag og nálganir til að draga úr áhættu, sækja tækifæri og árangur þessara aðgerða	39
S4-5	Markmið tengd stýringu neikvæðra áhrifa, eflingu jákvæðra áhrifa og stýringu áhættu og tækifæra.	39

G1	Viðskiptasiðferði	Bls.
GOV-1	Hlutverk stjórnenda, framkvæmdastjórnar og eftirlits innan sjóðsins	41
SBM-3	Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	41
IRO-1	Lýsing á ferli til að greina og meta mikilvæg áhrif, áhættu og tækifæri	44-53
G1-1	Stefnur í tengslum við fyrirtækjamenningu og ábyrga starfsemi	42
G1-2	Samskipti við birgja og þjónustuaðila	43
G1-3	Fyrirbyggjandi ráðstafanir og eftirlit með spillingu og mútum	43
G1-4	Staðfest tilvik um spillingu og mútur	44

Stjórnarhættir – mælikvarðar

	Eining	2024
Samsetning stjórnar		
Heildarfjöldi stjórnarmanna	Fjöldi	8
Konur	%	50
Karlar	%	50
Kaupaukar og starfskjarastefna		
Árangurstengd laun	Já/nei	Nei
Jafnlaunavottun	Já/nei	Já
Birgjar og þjónustuaðilar		
Siða- og samskiptareglur sem birgjum ber að fylgja	Já/nei	Já
Horft til umhverfispátta við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	Já
Horft til félagslegra þátta við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	Já
Horft til stjórnarháttá við mat á birgjum og þjónustuaðilum	Já/nei	Já
Spilling og mútur		
Sjóðurinn hefur mótað og birt siða- og samskiptareglur sjóðsin	Já/nei	Já
Siðareglur hafa verið samþykktar af stjórn	Já/nei	Já
Stefna gegn spillingu og mútum	Já/nei	Já
Stefna gegn peningapvætti	Já/nei	Já

	Eining	2024
Persónuvernd		
Stefna um persónuvernd og gagnaöryggi	Já/nei	Já
Innleiðing á reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd (GDPI	Já/nei	Já
Upplýsingagjöf		
Sjálfbæriskýrsla birt opinberlega	Já/nei	Já
Upplýsingagjöf um sjálfbærni til viðurkenndra aðila	Já/nei	Já
Áhersla á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Já/nei	Já
Upplýsingagjöf árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila	Já/nei	Nei
Niðurstöður starfsánægjukönnunar (hlutfall þátttakanda)	%	92
Virkt eignarhald		
Birting atkvæða frá hluthafafundum	Já/nei	Já
Eigendastefna sem ber að fylgja	Já/nei	Já

Tilvísunartafla ESRS og annarra reglugerða	SFDR	Græni sáttmáli ESB	Bls.
ESRS 2 GOV-1 Hlutverk stjórnenda, framkvæmdastjórnar og eftirlits innan sjóðsins			
ESRS 2 GOV-4 Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun og eftirlit í tengslum við sjálfbærniupplýsingar			
ESRS 2 SBM-1 Stefna, viðskiptalíkan og virðiskeðja			
ESRS E1-1 Umbreytingaráætlun í tengslum við mildun loftslagsbreytinga			
ESRS E1-4 Markmið í tengslum við mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum			
ESRS E1- 5 Orkunotkun og samsetning orkugjafa			
ESRS E1-6 Losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1, 2 og 3 og samanlögð losun			
ESRS 2 SBM 3 – S1 Mikilvæg áhrif, áhætta og tækifæri og samspil þeirra við stefnu og viðskiptalíkan			
ESRS S1-1 Stefnum í tengslum við mannauð			
ESRS S1-3 Ferlar til að draga úr neikvæðum áhrifum og boðleiðir fyrir mannauð til að koma ábendingum á framfæri			
ESRS S1-14 Mælikvarðar heilsu og öryggis			
ESRS S1-16 Launamælikvarðar (launamunur og heildarlaun)			
ESRS S1-17 Atvik, kvartanir og alvarleg áhrif tengd mannréttindabrotum			
ESRS S3-1 Stefnum í tengslum við samfélag			
ESRS S3-4 Markmið tengd stýringu neikvæðra áhrifa,eflingu jákvæðra áhrifa og stýringu áhættu og tækifæra			
ESRS S4-1 Stefnum í tengslum við neytendur og endanotendur			
ESRS S4-4 Aðgerðir til að bregðast við efnislega mikilvægum áhrifum á samfélag og nálganir til að draga úr áhættu, sækja tækifæri og árangur þessara aðgerða			
ESRS G1-1 Stefnum í tengslum við fyrirtækjamenningu og ábyrga starfsemi			
ESRS G1- 4 Staðfest tilvik um spillingu og mútur			

EU Taxonomy – Flokkunarkerfi ESB um sjálfbærar fjárfestingar

Sameiginlegt viðmið ESB sem skilgreinir hvaða efnahagslega starfsemi telst umhverfislega sjálfbær. Það hjálpar fjárfestum að greina raunverulega grænar fjárfestingar og styður við orkuskipti og loftslagsmarkmið.

SFDR – Sustainable Finance Disclosure Regulation

Reglugerð ESB sem krefst þess að fjármálafyrirtæki veiti gagnsæjar upplýsingar um hvernig sjálfbærniáhætta og sjálfbærnimarkmið eru metin og samþætt í fjárfestingum. Markmiðið er að auka gagnsæi og sporna við grænþvotti (e. greenwashing).

CSRD (e. Corporate Sustainability Reporting Directive)

Tilskipun ESB sem krefst aukins gagnsæis og samanagerðarhæfni í skýrslugerð um sjálfbærni. CSRD skuldbindur fyrirtæki til að upplýsa um umhverfis-, félags- og stjórnuarþætti.

ESRS (European Sustainability Reporting Standards)

Tryggja samræmda og sambærilega skýrslugerð þvert á fyrirtæki og atvinnugreinar út frá umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnuarháttum.

EFRAG (European Financial Reporting Advisory Group)

Evrópskt ráð sem veitir ráðgjöf um reikningsskilastaðla og þróar ESRS-staðlanna í samstarfi við Evrópusambandið. EFRAG tryggir að staðlarnir séu tæknilega vandaðir og samræmdir Evrópulöggjöf.

Tvöföld mikilvægisgreining (e. Double Materiality Assessment)

Meginregla ESRS krefst þess að meta bæði sjálfbærnimál sem teljast til áhrifamikilvægis og fjárhagslegs mikilvægis. Tvöföldu efnisviðmiðunum er ætlað að tryggja að skýrslugerð kynni þau efni sem eru mikilvæg út frá sjálfbærnisjónarmiðum. Aðferð til að meta hvaða sjálfbærniþættir eru verulega mikilvægir fyrir fyrirtækið byggir á:

- **Áhrifamikilvægi (e. Impact materiality)** – áhrif fyrirtækisins á samfélagið og umhverfið
- **Fjárhagslegt mikilvægi (e. Financial materiality)** – hvernig sjálfbærnimál geta haft áhrif á fjárhagslega afkomu eða verðmæti fyrirtækisins.

Virðisæðja

CSRD krefst mats á heildaráhrifum sjóðsins á sjálfbærnimál – frá framlögum félagsmanna til áhrifa fjárfestinga. Þetta felur einnig í sér starfshætti og niðurstöður samstarfsaðila okkar.

UFS-þættir (Umhverfis-, Félags- og Stjórnuarhættir)

Eru notaðir til að meta sjálfbærni fyrirtækja. Þeir snúa að áhrifum á náttúru (svo sem kolefnislosun og orkunotkun), samfélag (t.d. mannréttindi og vinnuaðstæður) og stjórnuarhætti (s.s. ábyrgð, gagnsæi og siðferði). UFS hjálpar til við að greina áhættu og tækifæri og stuðlar að ábyrgu og gagnsæju rekstrarumhverfi.

Áhrif, áhættur og tækifæri (e. IRO: Impact, Risk and Opportunity)

Varpar ljósi á áhrif okkar á samfélagið, áhættuna sem við stöndum frammi fyrir og tækifærin sem við getum nýtt okkur.

- **Áhrif:** hvernig þau hafa áhrif á samfélag og umhverfi
- **Áhættur:** hvaða sjálfbærniþættir geta skapað áhættu fyrir reksturinn
- **Tækifæri:** hvaða nýsköpunar- eða tekjumöguleikar gætu skapast í tengslum við sjálfbærni.

Raunlæg áhætta (e. Physical Risk)

Áhætta sem stafar af beinum áhrifum loftslagsbreytinga, s.s. flóðum, hitabylgjum, þurrkum, hækkun sjávarmáls o.fl. Slíkar áhættur geta haft áhrif á eignir, rekstur og framboð keðjunnar

UN-PRI (e. United Nations Principles for Responsible Investment)

Samtök sem hvetja fjárfesta til að samþætta UFS-þætti í fjárfestingarákvarðanir. Markmiðið er að stuðla að ábyrgu fjármálakerfi sem tekur mið af langtímahagsmunum samfélagsins og umhverfisins. Um 5.000 aðilar hafa undirritað sáttmálann.

Climate Investment Coalition (CIC)

Er alþjóðlegt samstarf sem stuðlar að fjárfestingum í loftslagsvænum verkefnum og orkuskiptum. Markmiðið er að auka grænar fjárfestingar og styðja við kolefnishlutleysi.

Kolefnislosun (e. Carbon Emissions)

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis, oft mæld sem CO₂-ígildi (CO₂e). Getur komið frá beinni starfsemi eða óbeint í gegnum virðiskeðjuna.

Umfang 1 (e. Scope 1)

Bein losun frá starfsemi sem fyrirtækið stýrir sjálft, t.d. bruni eldsneytis í eigin tækjum, verksmiðjum eða ökutækjum.

Umfang 2 (e. Scope 2)

Óbein losun vegna kaupa á rafmagni, gufu, hita eða kæli. Þó fyrirtækið losi ekki beint, er það samt notandi og ber ábyrgð á notkuninni.

Umfang 3 (e. Scope 3)

Önnur óbein losun í virðiskeðjunni, t.d. flutningar, losun frá birgjum, úrgangur, notkun viðskiptavina, flugferðir o.fl. Er oft stærsti hluti heildarlosunar fyrirtækja.

GHG Protocol (e. Greenhouse Gas Protocol)

Alþjóðlegur viðmiðunarrámmi sem skilgreinir hvernig á að mæla og skrá losun gróðurhúsalofttegunda (GHG), m.a. skipt í umfang 1, 2 og 3.

PCAF (e. Partnership for Carbon Accounting Financials)

Aðferðafræði við útreikninga á fjármagnaðri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest er af aðferðafræði GHG Protocol.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11, 105 Reykjavík
Kennitala: 711297-3919
Sími: 510 6100